

Stonewall og Pride

Fyrsta Pride-gangan var haldin í New York hinn 28. júní árið 1970. > 24



Skapa karakter með dragi

Heimildamyndin No Makeup veitir innsýn í dragsenu landsins. > 22



A4

Skólatöskur

í miklu úrvali



FRÉTTABLAÐIÐ

159. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 6. ÁGÚST 2022

Við getum alltaf gert betur

Strákarnir í Æði hafa allir upplifað fordóma vegna kynhneigðar sinnar og segja mikilvægt að berjast áfram fyrir réttindum hinsegin fólks. > 18



FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

Sjáðu öll tilboðin á elko.is



TAKMARKAD
MAGN Í BODI

SAMSUNG
Crystal UHD
2021

ELKO



Hjálmannir vöktu mikla lukku barna í bænum Gimli. MYND/SEKHORN-HJÓNIN

Gáfu hjólahjálma í Vesturheimi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Kiwanismenn og Eimskip gáfu börnum í bænum Gimli í Manitoba-fylki í Kanada hjólahjálma í byrjun mánaðarins. Um áraraddir hafa íslensk börn fengið hjólahjálma að gjöf en þetta er í fyrsta sinn sem Vestur-Íslendingar fá slíkar gjafir. Gimli er stærsti bærin í Vestur-Íslandi og þar búa rúmlega tvö þúsund manns.

Hjálmannir, sem voru tæplega 100 talsins, bárust á sama tíma og Íslendingahátíð var haldin í bænum. Meðal þeirra sem fengu hjálma voru börn úkraínskra flóttamanna.

Það voru hjónin Terry og Sam Sekhon sem höfðu frumkvæði og milligöngu um gjafirnar. Hugmyndina fengu þau í heimsókn til Íslands árið 2019. ■



Maður með apabólu. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Leið óbærilegar kvalir af apabólu

gar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Ég hef aldrei upplifað jafn mikinn sársauka,“ segir hinn 32 ára Olivier Ishimwe frá Kaupmannahöfn við Danmarks Radio um reynslu sína af apabólu.

Að sögn DR hefur 101 smitast í Danmörku. Olivier greindist í júní. Lýsir hann fyrstu vikunum þar á eftir eins og „löngu sársaukahelvíti“ sem hann gæti ekki óskað sínum versta óvini að ganga í gegnum. „Ég tók allar mögulegar tegundir af verkjættöflum en þær slógu ekki á sársaukann. Ég hélt ég myndi deyja.“ ■

Glóðheitar sýnaveiðar



Eldgosið í Meradölum er einstakt tækifæri til rannsókna. Í gær voru vísindamenn að safna kvikusýnum sem er ekki hættulaust verk.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Kínverjar hætta loftslagssamstarfi

kristinnhaukur@frettabladid.is

TAÍVAN Kínverjar hafa slitið samstarfi við Bandaríkjamenn í ýmsum málaflökkum, þar á meðal loftslagsmálum. Er ástæðan heimsókn Nancy Pelosi þingforseta til Taívan. Auk loftslagsmála hafa Kínverjar



Bandaríkjamenn kölluðu kínverska sendiherrann á teppið.

slitið samstarfi við Bandaríkjamenn í málefnum ólöglegra innflytjenda, fíkniefnamálum og nokkrum fleiri málaflökkum.

Bandaríkjamenn svöruðu þessu með því að kalla kínverska sendiherrann í Washington á teppið og fordæma ábyrgðarleysi Kínverja. ■

Sjálfböðaliðar leggja margt á sig í erfiðu Jökulsárhlaupi

Jökulsárhlaupið fer fram í dag í fyrsta sinn síðan Covid-faraldurinn flautaði það af. Hilmar Gunnarsson, verkefnastjóri hlaupsins, getur ekki beðið eftir að fólk fari eina fallegustu hlaupaleið landsins, frá Dettifossi niður í Ásbyrgi. Sjálfböðaliðar bera drykki yfir einn kílómetra.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Það er gríðarleg tilhlokkun. Mikil eftirvænting og maður hefur auðvitað verið með í maganum síðustu daga og vikur yfir veðrinu því þetta sumar er búið að vera nánast eins og Skálmöld söng í gamla daga, myrkur, kuldi, ís og snjór,“ segir Hilmar Gunnarsson, verkefnastjóri Jökulsárhlaupsins, sem hófst í dag í 19. sinn.

Hlaupinu hefur verið aflýst síðustu tvö ár vegna Covid en í fyrra var það flautað af nánast korteri fyrir ræsing.

Margir hlauparar færðu skráningu yfir á þetta ár en síðan fyrst var hlaupið hefur yfirleitt sest upp í það á fjórum til sex mínútum.

„Við höfum ekkert verið að gera í markaðssetningu. Þetta selst alltaf upp og þetta er kannski ekki mjög sýnilegt hlaup. Við erum með gamla heimasíðu og Facebook-síðu sem er virk tvisvar á ári nánast. En við erum þínu viljandi að gera það því eftirspurnin er allt of mikil nú þegar,“ segir Hilmar.

Sólin skín skært á Norðurlandi í gær þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Hilmars. Hann var þá sæll og glaður enda hefur veðrið verið hálfómurlegt þetta sumarið.

„Það er þínu léttir að sjá hvernig veðrið er að spilast. Maður er nánast að fara á límingunum að sjá tveggja stafa hitatölur,“ segir hann léttur.

Um 40-50 sjálfböðaliðar standa



Í Jökulsárhlaupinu er þrjár vegalengdir: 32,7 kílómetrar, 21,2 kílómetrar og 13 kílómetrar. Allir endar í Ásbyrgi. Ræst er við Dettifoss. MYND/JÖKULSÁRHLAUP



Maður er nánast að fara á límingunum að sjá tveggja stafa hitatölur.



Hilmar Gunnarsson, verkefnastjóri Jökulsárhlaupsins

að hlaupinu og fjögurra manna stjórn ber hitann og þungann af því.

„Allir þessir sjálfböðaliðar eru heimamenn úr Kelduhverfi og Óxarfirði. Þessu er haldið uppi af þeim. Þetta er stór viðburður og væri ekki möguleiki án allra sjálfböðaliðanna. Margir hverjir hafa verið að vinna við hlaupið frá upphafi.“

Í Jökulsárhlaupinu er hægt að hlaupa þrjár vegalengdir: 32,7 kílómetra, 21,2 kílómetra og 13 kílómetra. Öll hlaupin enda í Ásbyrgi. Lengsta leiðin byrjar við Dettifoss. Millivegalengdin leggur af stað frá Hólmatungum og stysti leggurinn byrjar við Hljóðakletta.

Hilmar bendir á að fimm drykkjarstöðvar séu á leiðinni og klöngrast sjálfböðaliðar með vatn og annað allt að einn og hálfan kílómetra frá vegi.

„Það er bras að koma öllu þangað. Það er hægt að keyra langleiðina en það þarf að bera allt á stöðvarnar yfir móa og mela.“ ■

KALK

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

VÖÐVAR TENNUR BEIN

Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH

AHI.IS



AFGERANDI

TOYOTA LAND CRUISER



Verð frá: 10.360.000 kr.

KINTO ONE Langtímaleiga

Verð frá: 213.000 kr.

KAUPAUKI FYLGIR AFMÆLISÚTGÁFU

998.000 kr. kaupauki fylgir áfram í takmarkaðan tíma.*

33" breyting, heilsársdekk og felgur, hliðarlistar, hlíf undir framstuðara, hlíf á afturstuðara, krómlisti á hlera og krómstútur á púst.



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.



Laugavegur 29 er meðal fjölmargra friðaðra húsa í landinu.

Stefnt að afnámi 100 ára reglunnar um friðun húsa

adalheidur@frettabladid.is

FORNMINJAR Svokölluð 100 ára regla í aldursfriðunarákvæði fornleifa í lögum um menningarminjar er nú til endurskoðunar í umhverfisráðuneytinu.

Í kynningu um málið í samráðsgátt stjórnvalda er lagt til að miðað verði við tiltekið ártal frekar en aldur húsa. Í kynningunni segir að af 100 ára reglunni leiði að stutt sé í aldursfriðun mikils fjölda steinsteypra húsa og annarra mannvirkja í þéttbýli og sveit, sem og innviða úr fjöldaframleiddum efnivið, en dæmi um slíkt eru gaddavírsgirðingar í sveitum landsins. ■

Ítali ákærður fyrir kíló af kókaini í niðursuðudós

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Héraðssaksóknari hefur ákært hálfstjótugan ítalskan karlmann fyrir stórfellt fíkniefnagabrot, með því að hafa flutt inn til landsins 993,78 grömm af kókaini ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni.

Fíkniefnin flutti ákærði falin í niðursuðudós í ferdatösku sem hann hafði meðferðis sem farþegi með flugi frá Brussel í Belgíu til Íslands í apríl síðastliðnum.

Maðurinn sætir nú gæsluvarðhaldi á Hólmsheiði vegna málsins en það verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í næstu viku. ■

Á ekki von á að gasmengun trufla hátíðina

kristinnhaukur@frettabladid.is

ELDGOS Reiknilíkön Veðurstofunnar gera ekki ráð fyrir því að gasmengun frá eldgosinu í Meraðlunum trufla Gledigönguna og hátíðarhöldin á Hinsegin dögum sem fram fara í dag.

„Það er hætta á einhverri móðu en ekki að hún verði truflandi,“ segir Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur. Vindáttin hefur smám saman verið að snúast í suðvest-

anátt en reiknilíkön gera hins vegar ekki ráð fyrir gasmengun við yfirborð.

Með kvöldinu gæti hins vegar mælst gasmengun við suðurströnd landsins, til dæmis á þéttbýlistöðum eins og í Þorlákshöfn og við Eyrarbakka.

Hægt er að fylgjast með mælingum á netinu á vedur.is, appelsínugulum hnappi merktum Reykjanesskaga. Einnig rauntímagildum á loftgaedi.is. ■



Ekki er búist við gasmengun við yfirborð á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Meiðyrði og rógburður eru vaxandi mein samkvæmt óbirtri rannsókn

Ný rannsókn kann að skýra hvers vegna hinsegin fólk verður í meiri mæli fyrir meiðandi framkomu og rógburði en fyrir Covid. Umfang persónulegs óhróðurs í sögulegum hæðum.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Óbirtar niðurstöður úr víðamikilli rannsókn sýna fram á að 16 prósent þátttakenda eldri en 18 ára hafa undanfarið orðið þolendur glæpa á internetinu. Mikil aukning hefur orðið á rógburði eða meiðyrðum á netinu.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við HÍ, og Jónas Orri Jónasson, sérfræðingur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, gerðu snemmsumars mælingu á reynslu Íslendinga af netbrotum í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Rannsóknin sýnir að sigið hefur á ógæfuhliðina er kemur að rógburði og meiðyrðum. Alls eru glæpir sem varða meiðyrði eða rógburð á netinu tæplega 40 prósent allra brota sem þolendur greindu frá.

„Þarna er um talsverða aukningu að ræða, því rétt um 30 prósent nefndu þessi brot árin 2018 og 2020,“ segir Helgi. „Hlutfall persónulegs óhróðurs á netinu jókst umtalsvert á Covid-tímabilinu.“

Umfang þessara brota hefur aldrei mælst meira en í ár. Fylgikvillar farsóttarinnar leynast því víða að sögn Helga. Innilokun og samkomubönn virðast hafa brotist fram í meira persónubundnu niði á netinu en áður.

Mikil umræða hefur orðið um bakslag undanfarið í málefnum



Samkvæmt nýrri rannsókn kann ein skýring hatursorðræðu og vaxandi neikvæðni í garð samkynhneigðra að eiga sér upptök í félagslegri einangrun á Covid-tímabilinu. Gledigangan fer fram í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/
HANNA



Helgi Gunnlaugsson, prófessor við HÍ

samkynhneigðra. Spurður hvort visbending sé um að jadarhópar hafi farið verr út úr Covid-tímanum en meginstraumshópar í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar, segir Helgi:

„Já, jadarhópar hafa væntanlega orðið meira fyrir þessum Covid-áhrifum en áður. Það verður bergmálshellir í einverunni á Covid-tímanum, netið kemur sterkar inn sem samskiptatæki. Menn verða

dómhardari gagnvart því sem þeim finnst aðeins öðruvísi og þá virðist aukin hætta á neikvæðum áhrifum fyrir samkynhneigða eða hinsegin fólk,“ segir Helgi.

Þeir sem helst telja að þeir hafi orðið þolendur internetsglæpa eru flestir undir þritugu. Fleiri karlar en konur telja sig fórnarlömb. Margir þátttakenda nefndu að hafa orðið fyrir fleiri en einu broti.

Auðvelt er að sögn Helga að slengja fram persónulegum óhróðri um nafngreindar persónur á netinu svo sem í athugasemda- eða kommentakerfum. Ljóst er að mörgum sviður undan reynslu af því tagi. Ekki virðist vanþörf á að brýna fyrir netverjum að sýna aðgát í nærveru sálar og viðhafa meiri háttvísi í samskiptum á netinu, að sögn Helga.

Helgi segir áhugavert að hlutfall kynferðislegrar áreitni á netinu hafi aukist í kjölfar #MeToo-bylgjunnar sem reið yfir Vesturlönd árið 2017. Ekki sé ósennilegt að aukin meðvitund um brot af þessu tagi skýri aukninguna. Hótun um ofbeldi skipi stærri sess en nokkru sinni. Alls 26 prósent brotanna séu þess eðlis nú í stað 17 og 21 prósent áður.

Kynferðisleg áreitni er nefnd álíka oft og 2018 og 2020, eða í 21 prósentu tilfella, einkum meðal kvenna.

„Það sem er jákvætt við þróunina er að mun færri nefna að myndefni af þeim hafi verið dreift án leyfis en áður, eða 11 prósent brotanna í stað 16 og 17 prósentu 2018 og 2020. Einnig nefna færri að þeir hafi orðið fyrir misnotkun á greiðslukortum,“ segir Helgi. ■

FULLKOMINN Í BORGARFERÐIR

„Ítölsk hönnun hefur alltaf veitt okkur í HAF studio mikinn innblástur og þess vegna varð rafknúinn Fiat 500e fyrir valinu.“

Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir

NÝ SENDING Á LEIÐinni – TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

FIAT



FIAT.IS • ISBAND.IS



Gleðilega hátíð



Mestu skráðu þurrkar hrjá Frakkland

gar@frettabladid.is

FRAKKLAND Fyrir utan þrjár hita- bylgjur sem gengið hafa yfir Frakkland í sumar hefur úrkomuleysi gert það að verkum að þar eru nú mestu þurrkar sem sögur fara af í landinu.

„Ástandið gæti haldist óbreytt eða versnað á næstu vikum,“ segir í yfirlýsingu frá skrifstofu Elisabeth Borne, nýjum forsætisráðherra landsins.



Elisabeth Borne, forsætisráðherra Frakklands

Hún hefur ákveðið að skipa neyðarnefnd sem vinnur þvert á landshluta og hvetur alla til að fara sparlega með vatn. ■

OLZA PRINCE POLO
TAKTU ÞÁTT
Í SUMARLEIK PRINCE POLO!

**VINNINGAR
GJAFABRÉF
Í UTANLANDSFERÐIR**

Heimsferðir

PRINCE POLO XXX CLASSIC

PRINCEPOLO.IS



Breytingar eru fram undan í Vaðlaheiðargöngum. Hækkun gjaldskrár og færri ökutæki sleppa frítt í gegn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

Hækka gjald í göngin undir Vaðlaheiði svo þau beri sig

Mótorhjól sem hafa farið frítt um Vaðlaheiðargöng þurfa bráðlega að borga brúsann. Einnig verður rúkkad fyrir neyðarakstur. Fjárhagsleg endurskipulagning í gangi.

bth@frettabladid.is

„Þetta eru mér ekki vonbrigði,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, um þá staðreynd að umferð um göngin í júlí var 10 prósentum minni en í júlí í fyrra.

Umferðin um göngin var óvenju mikil í júlí í fyrra og veður ekki hagstætt í ár, sem skýrir þá þróun, að sögn Valgeirs. Hann segir að eigi að síður stefni í að fleiri bílar fari göngin á þessu ári en í fyrra.

Þegar lagafrumvarp var samþykkt um göngin vonuðust fylgjendur eftir að níu af hverjum tíu bílum myndu fara göngin þrátt fyrir gjaldtöku.

Í júlí síðastliðnum skiptist



það er ljóst að við þurfum að hækka til að göngin standi undir sér

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga

umferðin 70-30 milli ganga og Víkurskarðs.

Mun meiri bílaumferð hefur þó orðið á landinu með fjölda ferðamanna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þeim sökum segir Valgeir engu að kvíða þótt hlutfall þeirra sem aki Víkurskarðið að sumri sé herra en vonast var eftir í rekstrinum. Valgeir segir rekstur ganganna sjálfbærast eftir að heimild til að breyta fimm

milljarða láni í hlutafé varð að veruleika.

„En það er ljóst að við þurfum að hækka til að göngin standi undir sér,“ segir Valgeir.

Stök ferð kostar 1.500 krónur en hægt er að kaupa ferðir á 800 krónur ef fjárfest er í 50 ferða korti. Þá segist Valgeir gera ráð fyrir að ný stjórn, sem kosin var á ársfundi á dögunum, muni herða reglur um gjaldtöku. Fram til þessa hafi mótorhjól, fjórhjól og önnur ökutæki undir einu tonni farið frítt um göngin og neyðarakstur verið heimill án gjalds. Þetta verði nú endurskoðað.

Skuldir Vaðlaheiðarganga voru um 20 milljarðar króna um síðustu áramót. Fjárhagsleg endurskipulagning hefur staðið yfir í tvö ár og hefur ríkissjóður, lánveitandi Vaðlaheiðarganga, frestað innheimtuágerðum.

Ríkið á um 93 prósent í göngunum en Greið leið á um 7 prósent. Akureyrarbær á stærsta hlutann í Greiðri leið. ■

Gleðilega Hinsegin daga

Landssamband lögreglumanna óskar hinsegin félagsmönnum sínum og öllum öðrum innan regnbogafjölskyldunnar gleðilegra Hinsegin daga.



Vogar eru um tólf kílómetra frá gosinu í Meradölum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hraunstraumur gæti ógnað Vogum

bth@frettabladid.is

VOGAR Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum á Vatnsleysuströnd, segir vegna eldgossins í Meradölum að ef hraunið færi að renna til norðurs í miklum mæli gæti þurft að bregðast við því. Ekki séu þó miklar líkur á að hraunflæðið ögni byggð í Vogum.

Jarðfræðingar hafa verið varfærnir í spám um framvindu hraunflæðis ef gosið dregst á langinn.

„Í augnablikinu er þetta á rólegum nótum en ef framleiðnin á hrauninu dregst á langinn og sprungan leitar til norðurs gætu orðið áhrif á okkur,“ sagði Ásgeir þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans fyrr í vikunni.

Grindvíkingar fögnuðu þegar eldgosid braust út, að jarðskjálftum væri lokið í bili. Ásgeir tekur undir það, því hætta á miklum skjálftum er minni eftir kvíkulosunina. Þá



Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri Voga á Vatnsleysuströnd

segir Ásgeir eldsprunguna sumpart á göðum stað, á miðjum skaganum, þar sem engir innviðir séu fyrir hendi.

„Mesta hættan er að sprungan leiti meira í norður.“

Ásgeir telur að það myndi í öllu falli taka einhverja mánuði fyrir hraunið að ógna byggð í Vogum.

„En við horfum líka til þess að vísindamenn segja að Reykjaneseldar séu hafnir og taki 200–300 ár að jafnaði. Það er erfitt að spá fyrir um hvernig þetta þróast,“ segir Ásgeir.

Alls búa um 1.400 manns í Vogum. ■

Hinsegin réttindi eru mannréttindi eru hinsegin réttindi

Heildarsamtök launafólks styðja stolt við réttindabaráttu hinsegin fólks og skuldbinda sig til samstarfs og rannsókna á stöðu þess á íslenskum vinnumarkaði. Við hlökkum til samstarfsins.

Gleðilega hátíð!





Frá Hólmavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sveitarfélagið tók við þvottaplaninu

gar@frettabladid.is

HÓLMAVÍK Strandabyggð hefur tekið yfir umsjón með þvottaplaninu sem N1 rak áður við bensínstöð sína á Hólmavík. Nokkuð er síðan N1 lokaði planinu og sömuleiðis hætti fyrirtækið rekstri loftdælu fyrir bíla.

„Það sýndi sig vera rétt ákvörðun, því notkun á planinu hefur verið mjög mikil frá því það var opnað aftur. Nú erum við að vinna að lausn varðandi loftdælu. Hvort tveggja er þjónusta sem verður að vera til staðar fyrir alla,“ skrifar Þorgeir Pálsson, oddviti Strandabyggðar, á vefsvæitarfélagsins.

„Fjölgun ferðamanna og aukid mikilvægi Strandabyggðar sem þjónustukjarna almennt, kallar einnig á samstarf við þjónustuaðila um frekari uppbyggingu, til dæmis hvað varðar hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla og fleira,“ bætir Þorgeir við. ■

Seðlabankinn hefur ekki afhent gögn um eignasafn sitt þrátt fyrir úrskurð

Þrátt fyrir úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá því í byrjun júní hefur Seðlabanki Íslands ekki afhent gögn um viðskipti bankans með úkraínska apótekakeðju.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Seðlabanki Íslands hefur ekki afhent sagnfræðingnum og lögfræðingnum Birni Jóni Bragasoni gögn sem tengdust Eignasafni Seðlabankans ehf. (ESÍ) og Hildu ehf. eins og úrskurðarnefnd um upplýsingamál úrskurðaði í sumarbyrjun.

Segist Seðlabankinn ekki hafa upplýsingarnar. Fyrirspurnir Björns Jóns hafa meðal annars lotið að viðskiptum bankans með úkraínska apótekakeðju.

„Seðlabankinn á að hafa þessar upplýsingar. Þessar eignir voru hluti af samstæðu bankans og endurskoðendur eiga að fara yfir þetta allt saman. Í rauninni er með hreinum ólíkindum að bankinn hafi ekki aðgang að umræddum gögnum,“ segir Björn Jón, sem vann mál fyrir úrskurðarnefndinni 1. júní síðastliðinn.

„Að mínu viti er Seðlabankinn að hundska niðurstöðu nefndarinnar,“ segir hann.

Gögnin sem Björn Jón hefur meðal annars reynt að fá frá bank-



Margt er á huldu varðandi viðskipti Seðlabankans með úkraínsku apótekin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Björn Jón Bragason, sagnfræðingur og lögfræðingur

anum um áráðir lúta að viðskiptum félaganna ESÍ ehf. og Hildu ehf. með félögin Ukrapteka Limited og Torpedo Leisure Limited í Bretlandi, sem ráku apótekakeðju í Úkraínu. Eignirnar rötudu í safn Seðlabank-

ans úr fórum MP banka eftir bankahrunið.

Margt er óljóst í þessari viðskiptasögu, sem Björn Jón vill varpa ljósi á, en virðist sem svo að Seðlabankinn hafi keypt aðra hluthafa, það er Íslandsbanka, út úr keðjunni árið 2014 en þá lagt fé í félögin.

Í þeim fábrotnu gögnum sem Björn Jón hefur fengið frá Seðlabankanum kemur fram að félögunum hafi verið slitið árið 2017 og kaupverðið lagt inn á lögbókanda í Úkraínu og sé þar enn. Óvíst er hvort féð, sem sé líklega umtalsvert,

fáist nokkurn tímann endurheimt.

Sjálfur hefur Björn Jón kannað hvort það tókist að leggja kaupverð inn á lögbókanda í Úkraínu og svo er ekki. Þessi sala þarfnist því athugunar við.

Einnig vantar upplýsingar um annan kostnað sem fylgdi þessum viðskiptum sem séu mjög ógagnsæ því að þau voru inni í félögum sem slitið var í Bretlandi og skiluðu ekki ársreikningum eða í íslenskum félögum Seðlabankans.

Björn Jón hefur ekki fengið formlegt bréf frá Seðlabankanum eftir úrskurðinn en í óformlegum tölvuþósti sem hann fékk frá lögfræðingi bankans þann 22. júlí kemur fram að skýrsla um ESÍ verði birt á „næstu misserum“. Óvíst er hins vegar hversu langur tími það er en orðabókaskilgreiningin á misseri er sex mánuðir.

Björn Jón segist ekki hættur að reyna að varpa ljósi á viðskipti Seðlabankans með úkraínsku apótekin. „Ég held áfram að spyrjast fyrir um þetta,“ segir hann.

Auk þess að furða sig á pukri Seðlabankans með þessi gögn furðar Björn Jón sig á skeytingarleysi stjórnmalamanna. Þingmenn ættu til dæmis að taka málið upp og upplýsa það. Málið snúist um umtalsverða fjármuni almennings og það eigi að vera uppi á borðum hvernig farið var með þá. ■

Stjórn Sýnar hf. boðar til hluthafafundar



Stjórn Sýnar hf. boðar til hluthafafundar sem haldinn verður miðvikudaginn 31. ágúst 2022 klukkan 10.00 árdegis í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108, Reykjavík.

Til fundarins er boðað að kröfu Gavia Invest ehf., „sem fer með atkvæðisrétt fyrir hlutafé í Sýnar hf. að nafnverði kr. 43.147.128, eða sem nemur 16,08% af heildarhlutafé Sýnar hf.“, samkvæmt bréfi Gavia Invest ehf., dags. 26. júlí sl. Krefst Gavia Invest ehf. að á fundinum verði tekin fyrir tillaga um að umboð núverandi stjórnar verði felld niður og ný stjórn kjörin. Telur Gavia Invest ehf. „að vegna umtalsverðra breytinga sem orðið hafa á hluthafahópi Sýnar hf. nú nýverið sé rétt að umboð stjórnar félagsins verði endurnýjað og að stjórnarkjör fari fram.“

Með vísan til framangreinds boðar stjórn Sýnar hf. til hluthafafundar samkvæmt ofangreindu með eftirgreindri dagskrá:

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga Gavia Invest ehf. um að bundinn verði endir á kjörtímabil sitjandi stjórnar félagsins.
2. Með fyrirvara um að tillaga undir tölulíð 1. hér að framan verði samþykkt, fer fram stjórnarkjör.
3. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins syn.is/fjarfestatengsl/hluthafafundur. Þar má einnig finna skýrslu Tilnefningarnefndar þegar hún verður tilbúinn, sbr. það sem síðar segir. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@syn.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 föstudaginn 26. ágúst 2022.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundarinnar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@syn.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 10.00 miðvikudaginn 17. ágúst 2022.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Með fyrirvara um að tillaga samkvæmt 1. tölulíð dagskrár verði samþykkt, þá tekur Tilnefningarnefnd strax til starfa og tekur við framboðum til stjórnar til kl. 10.00 fimmtudaginn 11. ágúst 2022. Tilnefningarnefnd mun skila skýrslu sinni og tillögu um stjórnarmenn eigi síðar en kl. 10.00 föstudaginn 19. ágúst 2022, með sama fyrirvara.

Tillaga Tilnefningarnefndar takmarkar ekki frekari framboð til stjórnar. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst

fimm sólarhringa fyrirvara fyrir hluthafafund, eða fyrir kl. 10.00 árdegis föstudaginn 26. ágúst 2022. Framboðum skal skila á skrifstofu Sýnar hf., Suðurlandsbraut 8, Reykjavík, eða á netfangið hluthafar@syn.is. Allt er þetta gert með fyrirvara um að raunverulegt stjórnarkjör fari fram á fundinum. Upplýsingar um framþjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör ef beiðnin berst a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fundinn, ef þeir hafa til þess afl. samkvæmt samþykktum, ef ekki er sjálfkjörið.

Hluthafaskrá frá lokum dags þriðjudaginn 30. ágúst 2022 gildir á fundinum.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 9.30 á fundardegi.

Stjórn Sýnar hf.

ICELANDAIR 

Við fljúgum með stolti



icelandair.is

Fögnum
fjölbreytileikanum

Við fögnum alls konar alla daga ársins, en öll flugin okkar frá Keflavíkurlugvelli 5. og 6. ágúst verða sérstök Pride flug. Þetta gerum við með gleði og stolti. Hinsegin eða ekki — verjum réttinn til að vera við sjálf og elska þann sem við viljum.

Pólitísk ró



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Á sama tíma og jörð hefur endurtekið leikið á reiðiskjalfi um þvert og endilangt landið – og rifnað sums staðar upp með eldum úr neðra, er íslensk pólitík með rólegasta móti.

Raunar hefur hún verið harla litlaus um langa hríð, svo mjög að besta slagorð stjórnmálanna á seinni árum fjallaði í grunninn um það að slaka bara á og vera ekki með vesen, heldur kjósa bara það gamla. Og það gekk raunar eftir með góðum sigri Framsóknar til þings og borgar.

Aðrar breytingar eru óljósar, nema ef vera kynni að hressilegur Sósíalístaflokkurinn virðist vera að festa sig í sessi fyrir norðan fimm prósentin og hefur tekist að hrísta nokkuð upp í umræðunni.

Af öðrum flokkum er fátt að segja. Sjálfstæðisflokkurinn hangir yfir tuttugu prósentunum eins og hann á orðið að venjast, og er ekki lengur sú kjölfesta í íslenskum stjórnmálum sem hann var lengst af síðustu öld og fram á nýja, enda þarf hann endurtekið á hækju Vinstri grænna að halda til að sitja áfram að völdum.

Fyrir vikið hefur verið efast um hvort VG standi lengur undir nafni, en jafnvel fyrrverandi ráðherra flokksins telur hann hvorki lengur til vinstri né vera grænan. Hvað sem því líður er fylgi flokksins að festast undir tíu prósentunum.

Samfylkingin hefur ekki náð sér á strik undir forystu Loga Más Einarssonar, þótt flokkurinn hafi vissulega hækkað risið frá því hann taldi einungis þrjá þingmenn – og þar af engan í Reykjavík og Kraganum, enda lét þáverandi formaður, Oddný G. Harðardóttir, þegar af völdum og Logi tók við. Hvort arftaki hans muni lyfta fylgi flokksins er allsendis óvíst.

Viðreisn hefur heldur ekki höfðað til þess fjölda sem að var stefnt í upphafi, en hefur þó sannarlega lækkað risið á Sjálfstæðisflokknum. Við blasir að vandi Viðreisnar er að ná ekki fylgi út fyrir sínar radir.

Píratar hafa það bara gott, eru svolítið komnir á sjálfstýringu í sínum pólitíska einleik, þótt þeir geti greinilega búið öðrum sviðið með sér. Og álíka sögu er að segja af Flokki fólksins sem hefur fundið sína fjöl, en raunar þá einu. Og svo er til Miðflokkur, en það er reyndar orðið mjög tæpt.

En það vantar pólitík í þetta allt saman. Sérstöðu. Sýn. Eldmóð. Og umfram allt kjark. ■

”
Fyrir vikið hefur verið efast um hvort VG standi lengur undir nafni, en jafnvel fyrrverandi ráðherra flokksins telur hann hvorki lengur til vinstri né vera grænan.

■ Gunnar



■ Mín skoðun

Ísland er tánögl



Sif Sigmarsdóttir

Við Íslendingar eigum til að telja eyjuna okkar nafla heimsins. Ísland er hins vegar ekki nafla heldur tánögl.

„Veður í júlí sjaldan eins skítt“, var fyrirsögn fjölmiðils í vikunni. Í síðasta mánuði var fjöldi sólskinsstunda undir meðallagi, úrkoma yfir meðallagi og hæsti hiti í Reykjavík aðeins 15,9 gráður en hann hefur ekki verið lægri í júlí síðan 1989.

Undir lok átjándu aldar spurðu Íslendingar sig eftirfarandi spurningar af fyllstu alvöru: Er Ísland byggilegt? Öldin hafði leikið þjóðina grátt. Á árunum 1707 til 1709 lést fjórðungur þjóðarinnar úr bólusótt. Á árunum 1751 til 1758 geisaði hungursneyð vegna kulda, hafíss og lítills fiskafla. Árið 1783 hófst eitt mesta eldgos Íslands-sögunnar, Skaftáreldar. Hraunkvika lagði tugi bæja í eyði og eitruð gjóska olli mengun og búfjarðaða um land allt en talið er að fimmtungur þjóðarinnar hafi látið lífið í móðuharðindunum, sem drógu nafn sitt af móðunni sem lá yfir landinu.

Svo slæmt þótti ástandið að til tals kom að flytja alla þjóðina til Danmerkur. Embættismönnum var falið að skoða hugmyndina, um hana voru skrifaðar álitgerðir og kostnaðurinn var metinn. Áfangastaðirnir sem komu til greina voru Jótlandsheiðar, Finnsmörk og Kaupmannahöfn.

„Sagan endurtekur sig kannski ekki en hún rímar,“ er haft eftir rithöfundinum Mark Twain. Sótt, kuldakast og eldgos. Tene virðist Köben 21. aldarinnar þar sem stór hluti þjóðarinnar leitast nú skjóls í sjálfskipaðri útleög.

Niður til helvítis

Árið 1961 sendi ungur drengur rithöfundinum C. S. Lewis, höfundi Narníu-bókanna, bréf og spurði hann hvað gleði væri. Svarið var óvænt. „Verur geta aldrei orðið fullkomin sköpunarverk, aðeins fullkomnar verur – svo sem góður engill eða gott eplatré.“ skrifaði Lewis. „Hæsta stig gleðinnar er þegar vera

gerir sér grein fyrir því að það sem gerir hana að ófullkomnu sköpunarverki er það sem gerir hana að fullkominni veru.“ Hann segir synd að til séu vondar manneskjur og vondir hundar. Hluti af ágæti góðrar manneskju felist hins vegar í því að hún sé ekki engill og góðs hunds að hann sé ekki manneskja. „Snotur tánögl er ekki mislukkað hár – og væri hún með meðvitund gleddist hún yfir því að vera góð nögl.“

Til að viðhalda byggð á Íslandi þurfa íbúar eyjarinnar að horfast í augu við að hún er ekki Majorca eða Tene heldur tánögl. Sú staðreynd kann þó að vera annað og meira en eitthvað sem við verðum einfaldlega að gera okkur að góðu.

Þótt Ísland hafi í aldanna rás verið afskekkt römbuðu hingað reglulega ferðalangar frá fjarlægum löndum. Í ferðabókum erlendra manna frá 17., 18. og 19. öld voru dregnar upp lýsingar af landi og þjóð sem minna á skuggalegustu ævintýri. Íslendingum var lýst sem dónalegum villimönnum sem bjuggu í moldarhreysum ofan í jörðinni. Fullyrta var að fritt konandlit væri hér sjaldséð. Íbúar voru sagðir skelfilegir dansarar; karl og kona stóðu einfaldlega andspænis hvort öðru og hoppuðu upp og niður án þess að hreyfast úr stað. Síðast en ekki síst átti hér að vera að finna logandi op ofan í jörðina sem náði alla leið niður til helvítis.

Þegar gos hófst í Meradölum í vikunni hækkaði gengi hlutabréfa í Ícelandair um 3,21 prósent. Að sögn talsmanns flugfélagsins snarfjölgaði heimsóknum á vef þess við fréttir af gosinu.

Til Íslands kemur enginn til að sjá sól, hvítar strandir, hallir eða suðræna sveiflu. Það er í ófullkomleikanum sem fullkomleiki þessa hrjóstruga lands er falinn; auðninni, myrkrinu, kulda, eldi og ís. Við gosstöðvarnar á Reykjanesi sést annað og meira en rauðglóandi kvika. Þar blasir við hæsta stig gleðinnar og sú staðreynd að Ísland er ekki mislukkað hár. ■

JÖÐ
HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

HÚÐ EFNASKIPTI SKJALDKIRTILL TAUGAKERFI

Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH
AHI.IS

”
Það er í ófullkomleikanum sem fullkomleiki þessa hrjóstruga lands er falinn; auðninni, myrkrinu, kulda, eldi og ís.

KRÓNAN

ÞAÐ MÁ
LEIKA SÉR
AÐ MATNUM!

Skutlaðu gómsætum
spjótum á grillið!



Mmm ...
Léttari sósur
með grill-
matnum!

Salathúsið sósur 225 ml

579 kr. stk.



Ferskur maís

199 kr. stk.



Ferskur aspas 454 g

998 kr. pk.



Grisahnakka spjót Hawaiian

2329 kr. kg



Grisahnakkaspjót portúgalskt piri piri

2329 kr. kg



Kindafille spjót Marókosk

4199 kr. kg



Sætar kartöflur og rauðlaukur

999 kr. pk.



Kartöflusmæiki með timían

999 kr. pk.



Grænmeti og mozzarella

999 kr. pk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Það stýttist í næsta stóra verkefni íslenska landsliðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í góðri stöðu fyrir lokaleikina

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið á, þegar tveir leikir eru eftir hjá liðinu í undankeppni HM, góðan möguleika á að tryggja sér beint sæti á HM.

Stelpurnar eru sem stendur í 2. sæti síns riðils, tveimur stigum á eftir toppliði Hollands og með leik til góða.



Ísland mun leika hreinan úrslitaleik við Holland um efsta sæti undanriðilsins og þar með sæti í lokakeppni HM.

Fram undan eru síðustu tveir leikir liðsins í riðlinum gegn Belarús á heimavelli þann 2. september næstkomandi og síðan útileikur gegn Hollandi í lokaumferð riðilsins.

Ísland vann nokkuð öruggan 5-0 sigur á Belarús í fyrri umferðinni og gera verður kröfur á að liðið sigli sigrinum heim á heimavelli.

En sama hvernig fer gegn Belarús bíður liðsins alltaf úrslitaleikur gegn Hollendingum sem mun ráða úrslitum um það hvort það verði Íslendingar eða Hollendingar sem ná að tryggja beint sæti á HM 2023 á næsta ári. ■

Átti erfitt með að horfa á fyrstu leikina eftir heimkomuna frá EM

Berglind Björg Þorvaldsdóttir, framherji íslenska landsliðsins, lítur svekkt til baka á lokakeppni Evrópumótsins í síðasta mánuði, en segir liðið geta tekið margt gott með sér frá mótnu í mikilvæga leiki sem fram undan eru. Framherjinn telur íslenska liðið vera á réttri leið.

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið gerði jafntefli í öllum þremur leikjum sínum í lokakeppni EM á Englandi í síðasta mánuði. Það dugði ekki til að komast upp úr riðlakeppni mótsins og í átta liða úrslit. Fréttablaðið ræddi við Berglindi Björgu Þorvaldsdóttur, framherja íslenska liðsins, um hennar sýn á gengi stelpnanna okkar, nú þegar tæpar þrjár vikur eru liðnar frá síðasta leik riðlakeppninnar gegn Frakklandi.

„Ég er bara enn þá þínu svekkt ef ég á að vera hreinskilin. Maður hugsar til baka, sérstaklega um Belgíu- og Ítalíuleikina, leiðinlegt að geta ekki klárað þá. En þetta var góð reynsla og við tókum þetta með okkur inn í undankeppni HM,“ segir Berglind, en Ísland á einmitt mikilvæga leiki í næsta mánuði gegn Belarús og Hollandi í undankeppni HM 2023.

Ísland þurfti að sætta sig við að ljúka leik að riðlakeppni lokinni og horfa á átta liða úrslitin að heiman. Berglind átti ekki auðvelt með það, sérstaklega ekki er kom að því að horfa á leik Belga gegn Svíum.

„Ég átti bara ógeðslega erfitt með það. Ég gat ekki horft á fyrstu leikina eftir að ég kom heim, var enn með þínu óbragði í muninum. Og að sjá Belgíu spila, þegar mér fannst við eiga að vera að spila, það var mjög erfitt,“ segir Berglind, en Ísland og Belgía gerðu jafntefli í riðlakeppninni, í leik þar sem íslenska liðið var ívið sterkari aðilinn. Hún skoraði einmitt mark Íslands í leiknum.

Berglind sætti sig þó að lokum við stöðuna og horfði á restina af mótnu.

„Þetta var bara frábært mót.



Íslenska liðið tekur víkingaklappið með stuðningsmönnum eftir lokaleik sinn á EM gegn Frökkum.

MYND/ADSEND

Á völlum sem við spiluðum á hefðu stúkurnar alveg mátt vera stærri, en þetta voru geggjafir vellir. Umgjörðin og allt í kringum þetta var til fyrirmyndar. Það var fullt af skemmtilegum leikjum. Öll liðin eru að taka þvilík skref fram á við í gæðum og öllu.“

Þorsteinn Halldórsson tók við stjórn landsliðsins í upphafi síðasta árs. Berglindi líkar að vinna með honum.

„Mér finnst allir hafa náð að aðlagast því. Hann hefur komið inn í þetta með látum og gert vel. Við erum bara gríðarlega sáttar við hann.“

Sem fyrr segir á Ísland tvo mikilvæga leiki fram undan í undankeppni HM í næsta mánuði. Sem stendur er Ísland í öðru sæti síns riðils með fimmtán stig, tveimur stigum á eftir Hollendingum. Það er því ljóst að leikurinn við þær appelsínugulu verður hreinn úrslitaleikur



Mér finnst þetta geggjaf að. Þetta sýnir að við erum á réttri leið.

um það að komast beint í lokakeppni HM. Liðið sem hafnar í öðru sæti þarf að fara í umspil.

„Ég er gríðarlega spenn. Eftir leikinn gegn Frakklandi hugsuðum við strax að við ætluðum að taka þetta með okkur í þessa tvo leiki. Markmiðið er bara að klára Holland og

komast beint á HM,“ segir Berglind. Lokakeppni HM fer fram í Ástralíu og Nýja-Sjálandi næsta sumar.

Í gær bárust þær gleðifrétir að Ísland væri í fjórtánda sæti á nýjum heimslista FIFA. Liðið stekkur upp um þrjú sæti frá síðasta lista og hefur aldrei verið ofar.

„Mér finnst þetta geggjaf. Þetta sýnir að við erum á réttri leið.“

Fyrr á þessu ári gekk Berglind í raðir Brann í Noregi. Liðið er á toppi deildarinnar með fimm stiga forskot á Rosenborg, sem er í öðru sæti. Þrjú leikir eru eftir af hinu hefðbundna deildartímabili í Noregi, áður en deildinni verður skipt upp í tvo hluta. Brann er því á góðri leið með að tróna á toppi deildarinnar þegar tvískiptingin á sér stað.

„Það hefur gengið gríðarlega vel. Við erum komnar áfram í bikarnum og Meistaradeildin er að byrja. Það verður smá álag núna en mér líst bara vel á þetta allt.“ ■

Mættur aftur til starfa eftir verðskuldað frí

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þorsteinn Halldórsson, landsliðsþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, er mættur aftur til starfa eftir verðskuldað frí í kjölfar Evrópumótsins í knattspyrnu. Fram undan eru mikilvægir leikir hjá landsliðinu, sem er í góðri stöðu til að tryggja sér sæti á Heimsmeistaramóti næsta árs.

„Ég var bara að snúa aftur til vinnu eftir að hafa verið í sumarfrí frá því að verkefni okkar á Evrópumótnu lauk,“ segir Þorsteinn við Fréttablaðið. „Á næstu dögum förum við á fullt í að greina okkar frammistöðu á EM og undirbúa næsta verkefni. Auðvitað hef ég samt horft á leiki okkar á mótnu en án þess þó að hafa farið í mikla greiningarvinnu á því sem fór fram í þeim leikjum.“

Frammistaða íslenska landsliðsins verði greind í þaula. „Við munum fara náði yfir okkar frammistöðu á EM og svo skiljum við bara við það. Í kjölfar þess hefst undirbúningur fyrir aðalmálið í dag og það eru þessi lokaleikir okkar í undankeppni HM.“

Horfir lítið í styrkleikalistan

Íslenska kvennalandsliðið náði nýjum hæðum á nýútgefnu styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins og situr nú í 14. sæti listans. Aldrei áður hefur kvennalandslið Íslands verið svo ofarlega á listanum.

Nýútgefnu listi tekur meðal annars mið af úrslitum á nýafstöðnu Evrópumóti í knattspyrnu sem fór fram í Englandi. Þorsteinn kys að horfa ekki of mikið á röðunina á styrkleikalistanum.

„Við spáum lítið í þennan heimslista en ég rak augun í þessa staðreynd. Auðvitað er þetta bara fint í sjálfu sér þrátt fyrir að við horfum lítið í þetta.

Þorsteinn er ánægður með Evrópumótið í heild sinni sem var mikil skemmtun. „Ég held að þetta hafi verið virkilega flott mót. Það myndaðist frábær stemning í kringum það og vel staðið að öllu. Þetta var í raun

Þetta sýnir kannski bara að við séum á einhverri vegferð og góðri leið. Það er auðvitað góðs viti að við séum á leiðinni upp en ekki niður.“

Íslenska landsliðið færast upp um þrjú sæti milli lista en lægst hefur liðið verið í 22. sæti. Það er landslið Bandaríkjaanna sem situr á toppi listans á undan Þjóðverjum sem eru í 2. sæti.

Nýkrýndir Evrópumeistarar frá Englandi færast upp um fjögur sæti á listanum, fara úr fjórða sæti upp í það áttunda eftir alveg magnaða frammistöðu á heimavelli undir stjórn Sarinu Wiegman.

og veru flott í alla staði. Það mætti segja að þetta hafi verið góð auglýsing fyrir kvennaknattspyrnuna. Þarna var spilaður frábær fótbolti og bara virkilega gaman fyrir okkur að hafa verið hluti af þessu.“



Þorsteinn Halldórsson, landsliðsþjálfari Íslands.

Tæpur mánuður er í næsta verkefni landsliðsins sem hefur örlögin í eigin hendi fyrir lokaleiki sína í undankeppni HM gegn Belarús og Hollandi.

„Við munum alltaf fá þennan úrslitaleik í Hollandi, sama hvernig fer í fyrri leiknum á móti Belarús.

Nú er það bara undir okkur komið að hafa fókussinn á réttum stað og tryggja okkur sæti á Heimsmeistaramótnu, sama hvernig við förum að því. Við þurfum bara að byrja á því að vinna Belarús, spila góðan leik þar. Fara svo til Hollands og ná í góð úrslit.“ ■

KORT AF GOSSTÖÐVUNUM

Örnefni og gönguleiðir

Návæmt kort af gosstöðvunum

- Prentuð útgáfa af kortinu fæst á skrifstofu Ferðafélags Íslands Mörkinni 6
- Rafræn útgáfa fæst á vef Ferðafélags Íslands www.fi.is

VERÐ 1.500 kr.

Ágóði rennur til merkinga og öryggismála til fjalla.

Vinsamlega leggið inn á reikning:

nr. 370-26-026810 / kt: 530169 3759

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS



30. JÚLÍ - 7. ÁGÚST

TAX FREE

LÝKUR Á

HEAVEN

3,5 sæta sófi. Fallett Danny Nougat áklæði.
Stærð: 290 x 105 x 82 cm.

266.137 kr. ~~329.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

AF ÖLLUM VÖRUM*



www.husgagnahollin.is

VEFVERSLUN

MORGUN

** Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema littala, Bitz, Skovby, Rut Kára mottum og sérpöntunum. Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.*



HÚSGAGNA
HÖLLIN



BIRNADROFN@FRETABLADID.IS

Gleðigangan

Hinsegin dagar hafa staðið yfir síðan 2. ágúst og ná hámarki í dag þegar Gleðigangan verður gengin frá Hallgrímskirkju. Að göngunni lokinni verður útihátíð í Hljómskálagarðinum og búast má við miklum mannfjölda þrátt fyrir að spáin sé ekkert sérlega góð.

Rætt hefur verið um bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks undanfarið, fregnir af ungmönnum sem hafa orðið fyrir aðkasti hafa verið áberandi, skotárás var gerð á hinsegin bar í Osló og skemmdarverk voru unnin á baráttumerkjum hinseginleikans hér á Íslandi.

Raddir hafa verið uppi um að hluti ástæðu bakslagsins gæti verið minni sýnileiki hinseginleikans vegna Covid. Síðustu tvö ár voru engar Gleðigöngur gengnar bæði hér og víðar vegna samkomutakmarkana og því er enn mikilvægara en áður að við sameinumst í göngunni í ár og sýnum stuðning.

Strákarnir í Æði eru í forsíðuvíðtali þessa blaðs, þeir segjast meðvitaðir um að án baráttu síðustu áratuga og fólksins sem barðist fyrir réttindum hinsegin fólks hefðu þeir ekki frelsi til að vera þeir sjálfir. Þeir eru þakklátir frelsinu.

Nú er tími til að efla baráttuna og halda henni áfram. Sameinumst í Gleðigönguna og greiðum leið hinsegin fólks framtíðarinnar. ■



Nú er tími til að efla baráttuna og halda henni áfram.

Við mælum með



Andrá Reykjavík

Verslunin Andrá Reykjavík selur fatnað, lífsstílsvörur og aukahluti fyrir konur frá alþjóðlegum hönnuðum. Verslunin er staðsett á Laugavegi 16 og er húsnaðið einstaklega fallegt, stílhreint og rúmgott. Í Andrá fást ilmkerter frá Maison Louis Marie og eru þau sérstaklega skemmtileg sem gjafir við hin ýmsu tilefni. ■



Botnlausum Bröns

Á Kopar við höfnina er í boði botnlaus bröns alla laugardaga á milli klukkan 12 og 15. Gestir velja sér tvo rétti í senn og geta pantað eins og þá lystir í tvær klukkustundir. Við mælum sérstaklega með graskerssúpunni og djúpsteiktum camembert. Fyrir þau sem vilja er einnig í boði að njóta botnlausra drykkja með matnum fyrir 1.500 krónur aukalega.

Stefna á að skoða eldgosíð með skynsemina að vopni

Eldgos hófst í Meradölum á miðvikudaginn. Fjöldmargir hafa lagt leið sína að gosinu þrátt fyrir tilmæli lögreglu, sem segir mikilvægt að hafa í huga að gossvæðið sé hættulegt. Þar geti aðstæður breyst skyndilega. Búast má við að fjöldi fólks gangi að gossstöðvunum um helgina, enda um fyrstu helgina frá upphafi eldgossins að ræða.



Björn Leó Brynjarsson
handritshöfundur og leikskáld:

Ætlar þú að skoða eldgosíð í Meradölum?

Já, ég ætla tvi-mælalaust að kíkja. En ekki gera neitt heimskulegt af því að það er mjög hallærislegt að deyja á Reykjanesinu.

Skoðaðir þú síðasta gos?

Ég fór þrisvar sinnum að síðasta gosi og sá það í öllum fösum. Það var eiginlega trúarleg upplifun fyrir mig. Mér fannst það smá eins og að horfa á dauðann koma upp úr jörðinni, svona ótrúlega fjandsamlegt en fallegt á sama tíma.

Ægífagurt. Syndi manni skýrt hvað lífið á jörðinni er þrautseigt að hafa náð að þróast hér en einnig viðkvæmt fyrir eyðileggingu.



Eldgos hófst á Reykjanesi, í Meradölum, á svipuðum slóðum og gosíð í Geldingadölum við Fagradalsfjall.



Davíð Berndsen
tónlistarmaður:

Ætlar þú að skoða eldgosíð í Meradölum?

Eftir að fór að gjósa brunaði ég út í hljóðfærabúð og keypti mér kassagítar svo ég geti spilað vel valin lög fyrir gesti og gangandi í Meradölum!

Ég mun líklegast tjalda þar og spila og syngja mjög hátt þar næstu vikurnar!

Skoðaðir þú síðasta gos?

Ég missti af síðasta gosi því ég var búsettur erlendis þannig nú er ég mjög peppaður fyrir þessu öllu saman!



Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
talskona Stigamóta:

Ætlar þú að skoða eldgosíð í Meradölum?

Já, ég geri ráð fyrir að kíkja á gosíð. Er reyndar á leið út á flugvöll núna en ef það gýs enn þegar ég kem heim frá útlöndum þá skelli ég mér ef allar aðstæður eru öruggar.

Skoðaðir þú síðasta gos?

Já, ég fór í kvöldgöngu þegar gaus síðast og það var mjög tilkomumikið að sjá eldgosíð í myrkrinu.



Fannar Arnarsson
leikari:

Ætlar þú að skoða eldgosíð í Meradölum?

Já, ég stefni klárlega á það að skoða eldgosíð í Meradölum.

Skoðaðir þú síðasta gos?

Ég sá ekki gosíð síðast, sem var algjört klúður af minni hálfu, en ég einfaldlega frestaði því þangað til það var of seint. Kannski var það einhver efi í undirmeðvitundinni af því ég gerði tvær heiðarlegar tilraunir til að skoða gosíð í Fimmvörðuhálsi á sínum tíma sem fóru hvorugar vel!



Tóttla I. Sæmundsdóttir
fræðslustýra Samtakanna '78:

Ætlar þú að skoða eldgosíð í Meradölum?

Já, ég ætla að fara að skoða nýja gosíð um leið og færi gefst.

Skoðaðir þú síðasta gos?

Já, ég fór þrisvar og skoðaði gosíð. Skemmtilegast fannst mér að sjá þróunina á gosinu. Ég fór tveimur dögum eftir að það byrjaði fyrst og næst þegar ég kom var dalurinn sem ég stóð í horfinn. Það er einstakt að fá tækifæri til að sjá landið mótast fyrir augunum á manni.

Í vikulokin

Ríkisstjórnin hefur fyrirgert rétti sínum til trausts kjósenda



Ólafur Arnarson

Ríkisstjórnin er fallin. Þetta sýnir ný sköðanakönnun Gallup, sem birt var í gær.

Allir stjórnarflokkarnir tapa fylgi og myndu, ef kosíð væri til þings nú, fá 31 þingmann kjörinn en eru með 38 þingmenn í dag.

Minnihluti kjósenda styður ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur.

Þetta þarf ekki að koma á óvart. Ríkisstjórnin hefur misst öll tók á stjórn efnahagsmála og ekkert bendir til þess að hún búi yfir raunhæfri áætlun í þeim efnunum. Ekkert bendir raunar til að hún búi yfirleitt

yfir neinni áætlun um annað en að sitja sem fastast.

Ríkistjórnarflokkarnir eru ósammála um flest mál. Stjórnarsáttmálinn gengur út á innihaldslausan fagurgala. Staðreyndin er sú að hver ríkisstjórnarflokkur hefur í raun neitunarvald í ríkisstjórninni og vegna þess hve stefna flokkanna er ólík eru engar ákvarðanir teknar.

Ísland er ekki í hlutlausum gir. Ísland er í handbremsu og slökkt á vélinni.

Enginn efast um að umhverfisráðherra hefur vilja og kjark til að

hrinda af stað framkvæmdaáætlun til að raungera orkuskiptin, sem ríkisstjórnin hefur lofað að klára fyrir 2040. Hann kemst hins vegar hvorki lönd né strönd vegna þess að Vinstri græn hafa neitunarvald.

Vinstri græn standa í vegi fyrir orkuskiptum og nota meinta ást sína á umhverfinu og íslenskri náttúru sem tyllíastæðu til að hindra þær virkjanafframkvæmdir sem nauðsynlegar eru til að orkuskiptin hér á landi verði að veruleika.

Heimilin í landinu og fyrirtækin standa frammi fyrir gríðarlegum



Ríkisstjórnin hefur misst öll tók á stjórn efnahagsmála.

búsifjum vegna efnahagsstjórnar ríkisstjórnarinnar og galinnar vaxtastefnu Seðlabankans sem virðist telja réttu leiðina til að berjast gegn verðbólgu að flytja milljarðatugi og -hundruð frá skuldsettum heimilum og atvinnulífi til fjármálafyrirtækja og fjárfesta. Hygla auðmönnum á kostnað atvinnulífs og heimila. Hjarðhegðun hagfræðinga gegn almenningi.

EKKI er að furða þótt ríkisstjórnin hafi glatað trausti kjósenda. Hún hefur ekki aðeins glatað því. Hún hefur fyrirgert rétti sínum til þess. ■



SKY LAGOON

Lífið er litríkt og við
njótum þess saman

Gleðilega hátíð



Sæmundur, Gunnar, Binni, Bassi og Patti hafa verið góðir vinir í mörg ár og elska að vinna saman. Þeir voru allir ungir þegar þeir komu út úr skápnum og allir hafa upplifað fordóma einhvern tímann á lífsleiðinni vegna kynhneigðar sinnar. Þeir verða með vagn á Pride í dag og segja að alltaf sé hægt að gera betur þegar kemur að réttindabaráttu hinsegin fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÓR

Strákarnir í Æði eru að upplifa drauminn



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Patti, Binni, Bassi, Gunnar og Sæmundur hafa slegið í gegn í raunveruleikapáttunum Æði. Þeir verða með vagn í Pride-göngunni sem fer fram í dag og eru sérlega spenntir. Allir eru þeir sammála um að Ísland sé ákjósanlegur staður fyrir hinsegin fólk en að alltaf megi gera betur.

Patrekur Jaime, Bassi Maraj, Binni Glee, Gunnar Skírnir og Sæmundur eru á aldrinum 21-24 ára og eru skærustu raunveruleikasjónvarpsstjórnur landsins. Strákarnir hafa slegið í gegn í sjónvarpsþáttunum Æði og hafa þættirnir breytt lífi þeirra.

Patti og Binni hafa verið vinir síðan þeir voru tíu ára en báðir eru þeir frá Akureyri. Fyrir norðan kynntust þeir Gunnari og Sæmundi en Bassi er alinn upp í Reykjavík. Æðistrákarnir verða með vagn í Gleðigöngunni sem fram fer í dag og eru þeir mjög spenntir.

„Ég hef aldrei áður farið á Pride og er ógeðslega spenntur. Það er fullkomið að það er bara fólk sem sér um vagninn fyrir okkur svo við þurfum ekki að hafa mikið fyrir þessu – ég ætla bara að standa þarna, vera fabjúlus og veifa,“ segir Patti.

„Ég hef aldrei farið á Pride og ég hlakka mjög mikið til, mér finnst

æði að Ísland tileinki hinsegin fólk heila viku. Við erum komin langt með baráttu hinsegin fólks að mínu mati en það er alltaf hægt að gera betur og auðvitað á samfélagið að taka þátt í þeim breytingum,“ segir Sæmundur og Gunnar, tvíbura-bróðir hans, tekur í sama streng.

„Ég fór á mitt fyrsta Pride árið 2019 og það var eitt af því skemmtilegasta sem ég hef upplifað. Það er svo gaman að halda upp á eitthvað sem maður var einu sinni með mjög mikla skömm yfir. Maður er svo frjálss á Pride og finnur svo mikla ást og umhyggju, það er æði,“ segir Binni.

Bassi hefur aldrei farið á Pride í fullum skróða en hann átti lag hátíðarinnar á síðasta ári þegar hún var haldin með afar smáu sniði vegna Covid. Í ár hafa strákarnir gert sitt eigið Pride-lag og mun það hljóma á vagninum þeirra. „Þetta er náttúrlega ekki official Pride lagið en þetta er Bitch-Pride lagið og það er geggjáð,“ segir Bassi og hlær sínum smitandi hlátri.

Komu ungir út úr skápnum

Æðistrákarnir eru allir samkynhneigðir og segjast þeir allir hafa upplifað einhverja fordóma vegna kynhneigðar sinnar í gegnum tíðina. En hvenær komuð þið út úr skápnum og hvernig var sú upplifun?

Binni: „Ég var 16 ára, þetta var

árið 2015. Ég kom fyrst út fyrir vinkonu minni í gegnum Skype en hún spurði mig hvort ég væri samkynhneigður og ég hugsaði bara; „á ég að segja henni?“ Ég hafði aldrei fengið þessa spurningu áður en hafði í rauninni alltaf vitað að ég væri samkynhneigður, alveg frá því að ég var bara í fyrsta bekk og ég ákvað að segja henni það. Mér fannst það mjög erfitt en leið svo vel eftir á.“

Gunnar: „Ég fáttaði að ég væri samkynhneigður þegar ég var í áttunda bekk í grunnskóla og var í mikilli afneitun lengi. Síðustu tvö árin í grunnskóla klæddist ég bara í hettupeysum og gráum buxum til að passa inn í hópinn, en það gekk ekkert svaka vel. Ég kom út úr skápnum þegar ég var 15 ára á fyrsta ári í framhaldsskóla og Sæmundur á sama tíma, og kom það fáum á óvart að við værum samkynhneigðir.“

Gunnar: „Ég fékk mjög góð viðbrögð frá fjölskyldunni minni og það kom þeim ekki á óvart. Þau biðu bara eftir að við værum tilbúnir og gæti ég ekki beðið um betri fjölskyldu. Þau styðja okkur í öllu sem við gerum.“

Sæmundur: „Við höfum alltaf gert allt saman og það er bara æðislegt því ég þurfti ekki að ganga í gegnum þetta einn.“

Sæmundur: „Á þeim tíma sem við komum út vorum við nýbúnir að kynnast tveimur vinkonum sem hjálpuðu okkur mjög mikið að vera við sjálfir og klæðast eins og við viljum en ekki bara í jogging og hettupeysum.“

Patti: „Ég var líka fimmtán ára, ég kom fyrst út sem tvíkynhneigður en ég held að það hafi bara verið til að lina aðeins höggið fyrir mig og fjölskylduna mína. Ég man þetta svo vel, ég var að baka rice crispies-kökur með mömmu og sagðist vera bi og vera skotinn í strák. Hún tók þessu mjög vel en vissi alveg að ég



Ég kom fyrst út sem tvíkynhneigður en ég held að það hafi bara verið til að lina aðeins höggið fyrir mig og fjölskylduna mína.

Patti

væri hommi áður en ég sagði henni það.“

Bassi: „Það var aðeins meiri æsingur hjá mér. Ég skipti á þessum upplýsingum við mömmu fyrir tóbak. Hún bankaði á hurðina hjá mér og sagði mér að koma bara út úr skápnum, þá myndi mér líða miklu betur. Ég samþykkti það og hún keypti fyrir mig tóbak í nokkrar vikur.“

Bassi: „En það að koma út úr skápnum er auðvitað fyrir þann sem er að koma út en ekki þann sem fær að heyra af því. Þetta snýst um að þora loksins að segja fólk hver þú ert.“

Fordómar

„Ég fann mikið fyrir fordómum þegar ég byrjaði með opið Snapchat árið 2016. Þá fékk ég leiðinleg skilaboð og það var verið að nota orðið „hommi“ á niðrandi hátt um mig. Ég tók því mjög illa fyrst því ég hafði aldrei upplifað svona leiðindi í lífinu fyrr en ég byrjaði á samfélagsmiðlum,“ segir Binni. „Ég fann samt og vissi að það væri mjög mikilvægt að ég hefði byrjað á Snapchat og opnað mig um samkynhneigð og að það væri í lagi að mála sig og allt það,“ bætir hann við.

„Ég hef upplifað svolitla fordóma í gegnum árin. Aðallega þegar við vorum yngri, þá voru krakkar alltaf að kalla okkur homma, stelpur, fagga og ýmislegt fleira og það hafði mikil áhrif á mig þegar ég var að finna sjálfan mig,“ segir Gunnar.

Sæmundur segist einnig hafa upplifað fordóma, mestir hafi þeir verið þegar hann var litill en að í raun og veru hafi þeir ekki haft mikil áhrif á hann. „Þegar ég var yngri var oft verið að kalla okkur nöfnum af því við vorum svo kvenlegir og það var þínu leiðinlegt. En í dag hef ég ekki fundið fyrir fordómum í mjög langan tíma og fólk er yfirleitt bara mjög næs.“



Áreitið getur stundum verið rosalega mikið og já, það horfa allir á mann í búðinni.

Bassi

Patti segir sömu söguna, að í grunnskóla hafi hann verið kallaður hommi og faggi en einnig að í menntaskóla hafi hann upplifað mikið áreiti frá fótboltastrákum í Menntaskólanum á Akureyri. „Það er bara eitthvað sérstakt í gangi hjá svona fótboltastrákum. Þeir eru langverstir þegar kemur að þessu,“ segir hann.

„Já, ég er sammála, fótboltastrákar og aðrir hommar, en ég held að það sé hundrað prósent líka vegna afbrýðisemi,“ bætir Bassi við.

„Það er fullt af fordómfullu fólki á Íslandi en ég held að við sleppum vel og höfum gert það undanfarin ár af því við erum Æðistrákarnir,“ segir Patti. „Fólk veit hverjir við erum og hvernig við erum svo það býst við að við séum öðruvísi en margir strákar, klæðumst „stelpufötum“ og málum okkur og svona. Ég held að fólk myndi frekar tala um það ef ég væri ómálaður í gallabuxum og hettupeysu,“ bætir hann við.

„Maður tekur sérstaklega eftir fordómum því meira sem maður ferðast um heiminn,“ segir Bassi. „Ég hef alveg klætt mig öðruvísi þegar ég er í útlöndum. Reyndi að vera í hettupeysu og helst bara með einhverja þú til að leiða. Fann mjög mikið fyrir því þegar við vorum í Prag, bara hvernig var horft á mig,“ segir hann.

„Ég fann líka fyrir þessu í Prag. Til dæmis þegar ég fór á kvennaklósettið. Ég nota það alltaf alls staðar, ekki af því ég upplifi mig sem konu heldur af því að mér finnst það bara betra og það hefur aldrei verið vesen en í Prag var eins og ég væri ógeðslegur og væri að gera eitthvað rangt. Konurnar voru bara alls ekki næs við mig,“ segir Patti.

Hvaða máli skiptir hátíð eins og Hinsegin dagar fyrir ykkur?

Binni: „Mér finnst mjög mikilvægt að við berjumst gegn fordómum. Því miður er enn þá hatur í garð hinsegin fólks og það er mjög mikilvægt að fræða fólk um hinseginleikann og að það átti sig á að við erum manneskjur eins og allir aðrir.“

Binni: „Það að halda Pride og fagna fjölbreytileikanum gerir sjúklega mikið fyrir samfélagið og hinsegin fólk. Pride gerir mig stoltan af sjálfum mér og það að finna alla þessa ást er svo mikilvægt og geggjáð. Sérstaklega eftir allt sem maður hefur gengið í gegnum í öll þessi ár eins og að koma út, vera accepted og fleira.“

Patti: „Það er svo gott að sjá og finna þessa samstöðu sem er á Pride. Að vita að hérna á Íslandi standi flestir með hinsegin fólki og fagni fjölbreytileikanum.“

Bassi: „Við þurfum líka að vera sýnileg. Það er alltaf verið að tala um að hinsegin fólk sé að troða sér og sínu út um allt og sé með svakalega sýniþörf en við þurfum að gera þetta, vera loud and proud, það er ekki langt síðan það var bara varla hægt að vera hommi hérna. Þáll Óskar var bara ridiculed (hafður að háði) fyrir það að vera eins og hann var.“



Gunnar og Sæmundur eru tvíeggja tvíburar og þykja afar líkir. Gunnar er einni klukkustund og 40 mínútum eldri en Sæmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Patti, Bassi og Binni hafa verið Æðistrákarnir frá því að fyrsta serían fór í loftið. Gunnar og Sæmundur hafa svo bæst í hópinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

hlutum. Það er alltaf verið að bjóða okkur í hitt og þetta og það er sjúklega gaman.“

Bassi: „Það er nefnilega ógeðslega gaman að vera með okkur og það er alltaf gaman hjá okkur, ekki bara þegar við erum on camera. Og það er sérstaklega skemmtilegt þegar við erum að djamma, þá erum við hver öðrum ruglaðri. Ég á það til að hverfa, Patti fer í sleik við einhverjar gellur og Gunnar slúðrar stanslaust.“

Patti: „Annars er ég bara að lifa drauminn. Alveg frá því ég var litill hef ég horft á raunveruleikaþætti og nú er ég bara raunveruleikastjarna.“

Gunnar: „Lífið breyttist mjög mikið eftir að Æði-þættirnir fóru af stað og eftir að ég varð raunveruleikastjarna. Ég get varla farið út í búð lengur án þess að einhver þekki mig eða að starað sé á mig. Ég myndi samt líka stara á mig.“

Bassi: „Áreitið getur stundum orðið rosalega mikið og já, það horfa allir á mann í búðinni. Ég er til dæmis bara alveg hættur að fara í Hagkaup í Skeifunni, það er bara of mikið, ég fer bara í litlar búðir í staðinn.“

Patti: „Já, ég líka. Þegar allir eru að fylgjast með manni verður maður líka svo meðvitaður um sig, ég myndi aldrei fara í Hagkaup til dæmis án þess að vera málaður og vel til hafður.“

Sæmundur: „Við Gunnar höfum alltaf verið mjög lokaðar persónur og ekki hleypt mörgum inn í líf okkar svo ég hefði aldrei getað ímyndað mér að við værum á þessum stað í dag. Mér finnst enn þá frekar skritið að við séum í sjónvarpinu og að fólk þekki okkur úr þættinum.“

Gunnar: „Ég er samt mjög sáttur með það sem við erum að gera í dag og að fólk fái að sjá okkur eins og við erum, ég held að það séu ekki margir hommatvíburar á Íslandi sem eru svona fábjúlus.“

Binni: „Það hefur mjög mikið breyst hjá okkur eftir að Æði byrjaði, aðallega það að fleira fólk er farið að þekkja mig og maður fær sjúklega mikla athygli en þetta er öðruvísi upplifun en þegar ég var snappari. Þá var ég mestmegnis með börn sem fylgjendur en í dag eru það allir. Mér finnst samt líka mjög mikilvægt að fólk eins og ég fái pláss í samfélaginu og platform til að sýna að það er allt í lagi að vera öðruvísi og hinsegin. Mér líður eins og ég sé búinn að gera góða hluti fyrir samfélagið sem opinber hinsegin manneskja.“

Haldið þið að það skipti miklu máli fyrir ungt fólk að eiga fyrirmyndir eins og ykkur?

Patti: „Já, ég held það og ég vona að við séum að gera það vel. Bara það að krakkar alist upp við það að við séum sjáanlegir og séum í sjónvarpinu gerir það að verkum að það sem við erum og hvernig við erum verður normalt.“

Binni: „Ég fann það alveg þegar ég byrjaði með Snapchat að maður hefði áhrif en þetta byrjaði smátt og áður en ég vissi af var ég kominn með 35 þúsund fylgjendur. Mér fannst ég vera að gera eitthvað rétt því ég fékk svo mörg skilaboð frá fólki um að ég hefði hjálpað því að finna sjálft sig og að ég hafi verið ástæðan fyrir að þau þorðu að koma út úr skápnum. Það er það besta sem maður heyrir þegar maður er svona opinber manneskja.“

Patti, Bassi, Binni, Gunnar og Sæmundur eru allir að vinna á Hrafnistu ásamt því að starfa á samfélagsmiðlum og í sjónvarpinu. Þeir segja allir afar mikilvægt að hafa rútínu í sínu daglega lífi og hana fái þeir í vinnunni á Hrafnistu. „Það er svo mikilvægt að þurfa að vakna á morgnana og mæta eitthvert,“ segir Binni.

Næst á dagskrá hjá strákunum er ný sería af Æði, sería fimm.

Er þetta alltaf jafn gaman?

Patti: „Já, þetta er geggjáð og við getum ekki bedið!“ ■



Mér finnst samt mjög mikilvægt að fólk eins og ég fái pláss í samfélaginu og platform til að sýna að það er allt í lagi að vera öðruvísi.

Binni Glee

Patti: „Það hefði ekki verið eins fyrir okkur að koma út fyrir fimmtíu árum, við hefðum bara verið teknir af lífi fyrir það að vera eins og við erum. Við hefðum bara verið eins og einhver dýr í sirkus og það má ekki gleyma því að við höfum þessi réttindi og erum svona frjáls af því að fólki á undan okkur er búið að berjast fyrir okkur.“

En hvernig hefur líf ykkar breyst síðan þið urðuð raunveruleikastjórnur?

Patti: „Við höfum prófað að gera hluti sem við hefðum aldrei gert ef við værum ekki í Æði og við fáum að gera endalasta af skemmtilegum

Gleðilega

HINSEGIN DAGA

Fögnum fjölbreytileikanum alla daga

30%

OUTBACK

Gasgrill

Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm,
þrjú brennarar. 3000390

34.990 kr
~~49.990~~ kr



31%

GROHE

Eldhúsbliöndunartæki
Start OHM C-spout,
króm. 7911126

14.890 kr
~~21.590~~ kr



22%

NEO

Verkfæraskápur

Á hjólum með handfrangi
og borði. Hjól með bremsum.
Hægt að læsa, 6 skúffur,
103x68x46 cm,
burðargeta 280 kg.
5024494

44.995 kr
~~57.995~~ kr



32%

eta

since 1943

Vínkælir

42 ltr., 16 stórar
flöskur, með
þremur króm-
hillum sem
eru með
viðarframhlið,
hitastig 5-18 °C.
1854090

34.990 kr
~~49.990~~ kr

Fæst eingöngu
í Skútuvogi og husa.is



25%

HIKOKI

HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél 18 V

2 stk., 2.5Ah
Li-ion rafhlöður,
13 mm patróna,
mótorbremsa, 2ja
gíra, taska HSC.
100 fylgihlutir.
5247085

37.480 kr
~~49.978~~ kr



30%

BerlingerHaus

Pottasett

Black Rose 10 stk.,
hentar fyrir allar gerðir
hitagjafa. 2001884

18.193 kr
~~25.990~~ kr



20%

Electrolux

Þvottavél

EW6F5248G4
Öflug 1400 snúninga
þvottavél, tekur 8 kg af
þvotti. Orkuflokkur C.
1860465

71.990 kr
~~89.990~~ kr



20%

HILEY

Rafmagnshlaupahjól

Fyrir 60 kg manneskjur. Mótör:
400W, spennu: 36V, drægni
allt að 25-30 km. Hámarkshraði
25km/klst., rafhláða: 10.4Ah.
Þyngd: 16,5 kg. 3903130

63.990 kr
~~79.990~~ kr



25%

EPICENTR

CERAMIC CORPORATION

Flísar

Concrete Grey, 30x60 cm
Rectif, frostpólin.
8611560

2.965 kr/m²
~~3.953~~ kr/m²





HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Töfrandi tilboð

í Húsasmiðjunni

Vefverslun
Sendum
um land allt

husa.is

LADY innimálning

30%
afsláttur



Nilfisk
Hábrýstidælur

20%
afsláttur



AVASCO
Hillurekkar

20%
afsláttur



JOTUN
Viðarvörn og útimálning

25%
afsláttur

Nýtt blað
á husa.is
106 síður af
flottum tilboðum





Monika Konarzewska ólst upp í Póllandi en bjó á Íslandi í tvö ár. Hún segir að hér á landi sé greinilegur munur milli landanna þegar kemur að réttindum hinsegin fólks.

MYND/KRYSTIAN TRZPIL

Drag er leið til að tjá sig



Birna Dröfn Jónasdóttir
birnadrofn
@frettabladid.is

Kvikmyndagerðarkonan Monika Konarzewska fæddist í litlu þorpi í Póllandi og ólst upp í trúðu samfélagi þar sem ríktu miklir fordómar í garð hinsegin fólks. Kvikmynd hennar, No Makeup, verður sýnd á Gauknum annað kvöld en um er að ræða heimildarmynd þar sem skyggst er inn í dragsenuna á Íslandi.

Öll þau sem fjallað er um í myndinni byrjuðu í dragi af ólíkum ástæðum,“ segir kvikmyndagerðarkonan Monika Konarzewska. Heimildarmynd hennar, No Makeup, sem fjallar um dragsenuna á Íslandi, verður sýnd á Gauknum annað kvöld.

„Fyrir þau öll er drag leið til að tjá sig en fyrir sum er drag vinna, fyrir önnur er það þerapía og fyrir enn önnur er það hrein og bein skemmtun,“ segir Monika.

Drag er það kallað þegar fólk klæðist fötum og sýnir látbragð sem talið er tengjast gagnstæðu kyni þess á einhvers konar sýningu eða gjörningi. Monika hefur sjálf einu sinni farið í drag og segir það hafa verið virkilega skemmtilegt.

„Ég varð að prófa,“ segir hún. „Einn listamaðurinn í myndinni hvatti mig til þess og það var geggjað. Ég varð svo ólík sjálfri mér og það varð til þess að ég leyfði mér einhvern veginn að gera allt aðra hluti en ég er vön,“ bætir Monika við.

„Í dragi fær fólk nefnilega tækifæri til að tjá sig á annan hátt en það er vant. Skapa sinn eigin karakter og haga sér eins og það vill. Fara á móti normum og gildum samfélagsins,“ segir Monika.

„Fólk sem fer í drag er auðvitað bara að lifa sínu lífi eins og öll önnur



Dragdrottningin Faye Knús er ein þeirra sem fjallað er um í heimildarmyndinni No Makeup. Hún hefur slegið í gegn í hér á landi.

MYND/ADSEND



Myndin verður sýnd á Gauknum annað kvöld en hér má sjá eina drottninguna labba yfir Tryggvagötuna á leið sinni á Gaukinn.

MYND/ADSEND

en í draginu fær það tækifæri til að vera hver sem það vill, skapa sér þennan karakter sem er það sjálft en samt ekki. Lifa fantasíulífinu sem listamaðurinn skapar.“

Monika segir að í gegnum tíðina hafi fordómar beinst að dragi og fólk sem stundar það. Skýringuna telur hún vera fáfræði og ástæðuna fyrir því að hún kaus að fjalla um drag í myndinni segir hún vera þá að koma upplýsingum til sem flestra.

„Ég er fædd og uppalin í Póllandi sem er kaþólskt land og þar er trú stór hluti af samfélaginu,“ segir Monika. „Í trúnni er fólk sannfært

um það hvernig fólk á að vera og hvernig það á ekki að vera, fjölbreytileikinn er ekki mikill. Öll eiga að trú á sama guðinn og hafa sömu kynhneigð. Annaðhvort ertu góður/eða vond/ur og það er að mínu mati af því að fólk veit ekki betur og leitar sér ekki upplýsinga,“ bætir hún við.

„Auðvitað þekki ég fullt af fólk sem er trúað og fagnar fjölbreytileikanum en hitt er algengara, að ef þú ert öðruvísi þá sé reynt að breyta því eða bjarga. Við vitum hvernig þetta hefur verið í gegnum tíðina, samkynhneigð hefur verið litin hornauga og það sama má segja um hinseginleikann almennt,



Í dragi fær fólk nefnilega tækifæri til að tjá sig á annan hátt en það er vant. Skapa sinn eigin karakter og haga sér eins og það vill.

það þarf að fræða fólk um það hvernig raunveruleikinn er,“ segir Monika.

Öll þau sem koma fram í myndinni eru innflytjendur sem búa á Íslandi og eru hluti af dragsenunni hér. „Mig langaði að sýna það að til Íslands kemur fólk frá öllum heimshornum til þess að fá að vera það sjálft í friði,“ útskýrir Monika.

Hún segir að fyrir mörg þau sem koma frá löndum þar sem réttindi hinsegin fólks séu ekki í hávegum höfð sé léttir að vera á Íslandi. „Auðvitað er það hér eins og alls staðar annars staðar, hér er fordómafullt fólk en munurinn hér og til dæmis í Póllandi er að hér hefur hinsegin fólk réttindi og stjórnvöld beita sér fyrir réttindum þeirra.“

Monika bjó á Íslandi í tvö ár og segist vel geta hugsað sér að flytja hingað aftur. „Mér var tekið ótrúlega vel hérna og upplifði sjálf það sem ég sagði hér að framan, ég gat verið frjáls,“ segir hún.

„Á Íslandi virðist vera pláss fyrir nánast öll þó að alltaf sé hægt að gera betur og ég gleymi því aldrei þegar ég sá Pride á Íslandi í fyrsta sinn. Ég grét þegar ég sá allt fólk sem var komið til að sýna hinseginleikanum samstöðu. Það eru ótrúleg forréttindi að fá að búa á svona stað,“ segir Monika.

Hún segist vona að þrátt fyrir það bakslag sem hefur orðið víða þegar kemur að réttindum hinsegin fólks þá sé hatrið að dvína. „Ég held og vona að með komandi kynslóðum breytist sá hugsunarháttur að kyn eða kynhneigð skipti einhverju máli, hatrið þarf að deyja út af því að það er ekki lausnin, fjölbreytileiki er lausnin,“ segir Monika.

„Hlýnun jarðar er til að mynda raunverulegt vandamál sem við þurfum að laga öll saman, það getum við ekki gert ef þar fá ekki öll pláss. Heimurinn er að minnka og við erum að færast nær og nær hvert öðru og á endanum þurfum við jafnvel að sameinast á minni landsvæðum. Við getum ekki gert það full af hatri og fordómum,“ segir Monika.

No Makeup er sýnd á Gauknum í Tryggvagötu klukkan 20 annað kvöld. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

LAUGARDAGUR 6. ágúst 2022



Fjöldi danskra kvenna notar frekar app í símanum en p-pilluna til að forðast getnað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Velja app fram yfir p-pilluna

elin@frettabladid.is

Þegar getnaðarvarnapillan kom á markað árið 1966 vakti hún fögnuð hjá konum um allan heim. Loksins höfðu þær örugga leið til að verjast óæskilegri þungun. Á síðustu árum hefur áhugi á pillunni minnkað mikið í Danmörku eftir því sem dr.dk bendir á. Ástæða er sögð sú að pillan getur valdið skapgerðarbreytingum, orkuleysi og þunglyndi. Margar konur hafna alfarið hormónagetnaðarvörnum. Rannsókn sem gerð var í Danmörku árið 2016 sýndi að konur sem væru á hormónagetnaðarvörnum væru í 40 prósent meiri hættu á að vera á þunglyndislyfjum samanborið við konur sem notuðu ekki slíka vörn.

Ekki hættuleg

Øjvind Lidegaard, prófessor í kvensjúkdóma- og fæðingarlækningum, segir við dr.dk að aukin fræðsla um áhættuna við að nota p-pilluna hafi áhrif. „Þótt hormónagetnaðarvarnir geti haft áhrif á andlegt ástand sumra kvenna eru þær samt örugg getnaðarvörn,“ segir Charlotte Wilken-Jensen, yfirlæknir á fæðingardeild. „Það er ekki hættulegt að nota hormónagetnaðarvörn en gott að vera upplýstur um mögulegar aukaverkanir.“

Hormónalykkja hefur verið vinsæl enda með minna hormón en p-pillan. Sérstakt app hefur þó náð undraverðum vinsældum. Konur fylgjast með tíðahringnum í símanum til að forðast að verða ófrískar. Læknirinn telur það hins vegar ekki öruggan kost. ■



Styttur listamannsins Samúels Jónssonar í Selárdal eru barnslega fagar og stórar og stæðilegar, jafnt af mönnum sem dýrum. Þær hafa hlotið góða varðveislu á undanförunum árum. Hér má sjá landkönnuðinn Leif heppna Eiríksson stara út á sjóndeildarhring Arnarfjarðar í leit að nýjum löndum. MYND/ADSEND

Listamaðurinn með barnshjartað

Um aðra helgi verður blásið til Listahátíðar Samúels í Selárdal. Hátíðin fer fram við djúpblátt haf og hvítar strendur Arnarfjarðar, þar sem gestum mæta fagrir tónar, Íslandsmót í listrænni flugdrekaferð og -flugi, sælkerakrásir og sýningar á magnaðri listsköpun Samúels.

Listasafn Samúels er nefnt eftir vestfirski listamanninum Samúel Jónssyni sem byggði guddómlega kirkju og forkunnarfagurt listasafn í Selárdal, einn síns liðs.

„Samúel var stundum kallaður „listamaðurinn með barnshjartað“ og vist er að heimsókn í safn hans og náttúruparadísina Selárdal lætur engan ósnortinn. Samúel bjó í Selárdal við Arnarfjörð frá

árinu 1947 til dauðadags árið 1969 og skapaði þar málverk, líkón af þekktum merkisbyggingum í útlöndum og tignarlegar styttur af ljónum, selum, sæhesti, önd með unga sína á bakinu og Leifi heppna sem horfir út á hafið,“ segir Kári G. Schram, einn af stofnendum Félags um Listasafn Samúels og formaður þess.

„Öll verk Samúels bera honum

fagurt vitni og var hann víða þekktur fyrir hæfileika sem hann bjó yfir í ríku máli. Þó er hans hvergi getið í ritum um íslenska listasögu, og er það miður,“ segir Kári, en þeir Ólafur J. Engilbertsson, annar stofnandi félagsins, eru í óðaönn að lagfæra þá stöðu, meðal annars með útgáfu bókar um líf og list Samúels og endurútgáfu á heimildarmynd um Samúel

sem þeir gerðu saman á sínum tíma.

Er enn að sigra heiminn

Samúelssafnið í Selárdal er umvafið einstakri náttúrufegurð. Þar var opnað kaffihús og minjagripabúð árið 2020, sem stendur opið frá júníbyrjun fram í lok ágúst, en sjálft safnið er opið á meðan færð leyfir.

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022



Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is



Ljónagosbrunnur Samúels er heimspæktur og ákaflega tilkomumikill. Stundum er látið renna um hann vatn.

„Samúel var skapandi og frjór listamaður, þrátt fyrir að hafa ekki verið viðurkenndur listamaður í lífanda lífi af elítunni fyrir sunnan. Engu að síður voru verk Samúels vinsæl og það var oft gestkvæmt hjá honum, eins og enn er raunin því hingað gera sér margir sérstaka ferð til að líta verk Samúels eigin augum, jafnt Íslendingar og erlend-ir ferðalangar.“ upplýsir Kári.

„Aðdráttarafli Samúels er mikið. Hér má sjá fjölmörg oliumálverk og landslagsmyndir sem hann málaði og rammaði inn sjálfur í sína útskornu ramma. Hann setti upp höggmyndagarð, skar út í tré og gerði líkón, meðal annars af Péturskirkjunni í Róm og indversku musteri, þar sem hann studdist við myndir úr bókum og af póstkortum, enda fór hann aldrei til útlanda. Líkón Samúels voru listavel gerð, úr hundruðum ef ekki þúsundum smáhluta, og dylst engum að á bak við þau lágu margar vinnustundir, þolinmæði og djúpstæð sköpunargleði.“ greinir Kári frá.

Kirkja Samúels, og safn hans að Brautarholti, eru fágæt listaverk í sjálfu sér, umvafin einstakri náttúrufegurð.

„Í kjölfar aukins ferðamannastraums til Íslands hafa ljósmyndir af verkum Samúels dreifst um allan heim, enda vinsælt hjá gestum safnsins að taka þar myndir. Þá eru verk Samúels áberandi í margvíslegu kynningar-efni um Vestfirði; handbókum, tímaritum og bókum.“ segir Kári á þeim kynngimagnaða stað sem Selárdalur Samúels er.

Heillandi heimur

Um aðra helgi, dagana 12. til 14. ágúst, verður Listahátíð Samúels haldin með pomp og prakt í Selárdal, en hátíðin er haldin annað hvert ár.

„Hátíðin er heillandi heimur þar sem boðið verður upp á ýmsar listauppkomur, tónleika, gönguferðir, flugdreka-smíðju, leik, brennusöng og dýrindis mat í boði 27 Mathúss. Hægt er að fara í gönguferð með leiðsögn um nágrennið, taka þátt í flugdreka-smíðju fyrir fjölskylduna í umsjá Fjölu Eðvarðsdóttur, keppa á Íslandsmóti í listrænni flugdreka-gerð og flugdrekaflugi, og sækja sýningar á steypuverkum Samúels og sjá kvikmyndina Steyptir draumar í kirkjunni.“ útskýrir Kári og heldur áfram:

„Um tónlistina í dalnum sjá Skúli mennski, Between Mountains og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, sem syngur við undirleik Francisco Javier Jauregui. Loks verður fjöruferð og brennusöngur með eðal Bílddælingum og DJ Mjalti bóndi sér um að koma hátíðargestum í góðan gir.“

Dagskráin á Listahátíð Samúels 2022:

Föstudagur 12. ágúst

- **20.00** „Steyptir draumar“ – heimildarmynd um Samúel sýnd í kirkjunni.
- **21.00** DJ Mjalti bóndi í kirkjunni.

Laugardagur 13. ágúst

- **12.00** Hátíð sett. Kaffi og meðlæti.
- Gönguferð í Verdali eða Vatnahviltf undir leiðsögn Sólveigar Ólafsdóttur.
- Gerhard König segir frá uppbyggingu og viðgerðum og steypuverkum Samúels.
- Smíðja í flugdreka-gerð fyrir börn og fullorðna. Umsjón Fjöla Eðvarðsdóttir.
- **17.00** Íslandsmót í listrænni flugdreka-gerð og flugdrekaflugi - Flugdreka-keppni.
- **18.30** Verðlaunaafhending í flugdreka-keppni.
- **19.00** Kvöldmatur að hætti og í boði 27 Mathúss. DJ Mjalti bóndi – dinnertónar.
- **20.00** Skúli mennski – tónleikar í kirkjunni.
- **21.00** Between Mountains – tónleikar í kirkjunni.
- **21.30** Fjöruferð.
- **22.00** Brenna og brekkusöngur með eðal Bílddælingum. DJ Mjalti bóndi sér um nóttina.

Sunnudagur 14. ágúst

- **13.00** Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Francisco Javier Jauregui – söngur og gítarleikur í kirkjunni.
- **14.00** Hátíð slitið.

Safnbygging Samúels fékk sitt upphaflega hlutverk sem listasafn aftur þegar opnuð var þar fyrsta sýningin sumarið 2020.

„Í sumar opnuðum við nýja sýningu um sögu steypuverka Samúels, sem Gerhard König tók saman. Í kirkjunni hafa auk þess verið haldnir tónleikar, leiksýningar og gamanmál, og þar er sýning um sögu viðgerðanna. Auk þess býður staðurinn upp á einstaka náttúru, fallegt útsýni, hvítar strendur og djúplátt haf, og það er mjög sérstök upplifun að dvelja í Selárdal,“ segir Kári, fullur tilhlökkunar.

Hátíðarpassi frá föstudegi til sunnudags kostar 7.000 krónur. ■

Nánari upplýsingar á samuels-safn.is og Facebook-síðu Listasafns Samúels. Miðasala á tix.is.



Kári G. Schram er formaður Félags um Listasafn Samúels.



Listamaðurinn sjálfur, Samúel Jónsson, við líkan sitt af Péturskirkjunni í Róm. Líkanið má nú sjá í kirkju Samúels.



Það er töfrandi upplifun að verja tíma í undraveröld Samúels í Selárdal og víst að hvergi sést annað eins og hans. Gestir Listahátíðar Samúels munu njóta andagiftar hans, fagurrar náttúru, viðburða, tónlistar, matar og gleði.



Hliðið að listasafninu að Brautarholti í Selárdal er glæst og tilkomumikið og sýnir glögg hversu stórt listamaðurinn Samúel hugsaði í listsköpun sinni.



Samúel lagði mikið upp úr fallegum smáatriðum í byggingum sínum, eins og sjá má í hliðum, handriðum og svölum listasafnsins. MYNDIR/ÁSENDAR



VERTU Á ALVÖRU GRÆJU!



NUKEPROOF GIGA
ENDURO HJÓL ÁRSINS 2022
skv. Bike Radar og Mountain Biking UK
Eigum einnig rafhjól ársins á lager



SKANNAÐU KÓÐANN OG SKOÐAÐU
MYNDBAND AF "BEHIND THE SCENES"




KULDI

SPØRTÍS



KULDI.NET



SPORTIS.IS

SKEIFAN 11
108 RVK

Good Routine bætti meltinguna til muna

Fimm ný fæðubótarefni frá Good Routine eru komin á markað á Íslandi og hafa slegið í gegn undanfarin misseri. Þessi vönduðu fæðubótarefni eru gerð úr náttúrulegum innihaldsefnum og geta stuðlað að bættri heilsu á ólíkan hátt, meðal annars með því að vernda þvagfærakerfið, styrkja ónæmiskerfið og bæta meltingu.

Good Routine framleiðir gæða fæðubótarefni með náttúrulegum innihaldsefnum og einstakri blöndun og samvirkni innihaldsefna. Fæðubótarefni eru kröftug og virka hratt, hafa hátt næringargildi og upptaka þeirra í líkamanum er góð. Þau innihalda auk þess engin algeng ofnæmis- eða aukaefni.

Fæðubótarefni eru framleidd á Spáni eftir einkaleyfisvörðum og vísindalega skrásettum formúlum Secom®, en hér er um að ræða einstaklega vandadar vörur og háþrúð bætiefni.

Loksins á Íslandi

Núna fást fimm af vörum Good Routine á Íslandi. Þær eru: Com-fort-U®, sem veitir þvagfærakerfinu stöðuga vernd, Daily-D3 2000 IU®, sem er D3-vítamín af náttúrulegum uppruna, Synergize-Your-Gut®, sem er fyrir þarmaheilsu og heilbrigða þarmaflóru, Pure Omega-3, sem er kraftmikið omega-3 í gelhýlkjum, og C-Your-Immunity®, sem inniheldur C-vítamín, quercetin, hesperidin og bromelain í einu hylki og hjálpar fólki sem er viðkvæmt fyrir kulda



Synergize-Your-Gut® hjálpar til við þarmaheilsu og heilbrigða þarmaflóru.

MYND/ADSEND



Unnur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Engey kids, hefur verið að prófa nýju fæðubótarefni frá Good Routine undanfarnar vikur og er mjög ánægð með virkni þeirra.

MYND/ADSEND

og hitabreytingum. Von er á fleiri vörutegundum frá vörumerkinu bráðlega.

Ásamt því að sérhæfa sig í fæðubótarefnum leggur Good Routine einnig mikla áherslu á að stuðla að vitundarvakningu um að góðar venjur séu lykilatriði þess að líða vel alla daga. Það spannar allt frá hreyfingu og næringu til andlegrar heilsu.

Vönduð og spennandi fæðubótarefni með mikla virkni

Unnur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Engey kids, hefur verið að prófa nýju fæðubótarefni frá Good Routine undanfarnar vikur og er mjög ánægð með virkni þeirra. Hún hefur verið að nota Daily-D3 2000 IU®, Synergize-Your-Gut® og C-Your-Immunity®.

„Ég hef tekið þetta inn í um 3-4 vikur og þetta eru mjög góð bætiefni. Ég hef ágætis þekkingu á fæðu-

bótarefnum því ég hef alltaf hugsað vel um mig og ég fann það strax að þetta er frábær vara,“ segir hún.

„Ég frétti af þessum fæðubótarefnum í gegnum vinafólk og sá þetta í verslunum og fannst þetta strax mjög spennandi. Ég hef alltaf verið áhugamanneskja um bætiefni, eins og ég segi, svo ég var ánægð með að fá að prófa eitthvað nýtt og spennandi,“ segir Unnur. „Mér finnst virkilega hafa verið vandað til verka og þetta er mjög fjölbreytt lína af fæðubótarefnum svo ég á eftir að prófa fleiri efni, en þetta lofar mjög góðu hingað til og mér finnst allt við þetta merki mjög faglegt.“

Betri melting og þarmaflóra

„Maður vill alltaf hugsa vel um sig og nú er ég orðin amma, svo ég þarf að hugsa vel um ónæmiskerfið og meltinguna og mér finnst áhrifin af Synergize-Your-Gut® sérstaklega eftirtektarverð og jákvæð,“ segir Unnur. „Ég hef tekið eftir því að meltingin hefur orðið betri og það sé meira jafnvægi á þarmaflórunni. Það kom mér eiginlega á óvart hvað ég finn mikið fyrir þessu, sérstaklega þar sem ég hef ekki notað þetta lengi.“

Ég myndi virkilega mæla með þessum fæðubótarefnum. Ég hef mikla trú á þessum vörum og góða tilfinningu fyrir þeim,“ segir Unnur. „Ég held líka að þau sem fylgjast með í vítamínheiminum eigi eftir að sjá það fljótt hvað þetta er vönduð og flott vara.“ ■

Good Routine fæðubótarefni fást í Hagkaup, Lyfjum & heilsu, Apótekararum og Krónunni.

Íþróttin er gríðarlega vinsæl

Það er í nógu að snúast hjá Huldu Bjarnadóttur, forseta Gólf sambands Íslands. Golfíþróttin er í örur vexti hér á landi og hápunktur gólfsumarsins verður í Vestmannaeyjum um helgina þar sem Íslandsmótið fer fram.

gummih@frettabladid.is

Hulda er vitaskuld mætt í eyjuna fögru en keppni hófst þar á fimmtudag og stendur yfir alla helgina.

„Við reiknum með hörkuspennandi keppni á glæsilegum velli þeirra Eyjamanna. Aðstaðan hér er frábær. Það er búið að stækka gólf-skálann, barna- og unglíngastarfið er frábært og bæjaryfirvöld eru með góðan stuðning,“ sagði Hulda í samtali við Fréttablaðið.

Hulda segir að ekkert lát sé á fjölgun iðkenda í golfinu hér á landi.

„Nýjustu tölur staðfesta að enn fjölgar þeim kylfingum á Íslandi sem kjósa að skrá sig í gólfklúbba. Milli árána 2021-2022 varð 5% fjölgun og í dag eru skráðir um 23.500 iðkendur í golfi á Íslandi. Þegar rýnt er nánar í tölur kemur í ljós að fjölgunin er mest í yngstu aldurshópnum upp að 19 ára aldri og endurspeglar sú þróun þá markvissu og öfluglu vinnu innan gólfklúbba og fjölga ungu fólki, tryggja endurnýjun iðkenda og um leið að tryggja þátttakendur í keppnishaldi þeirra yngri í golfíþróttinni. Maður var svolítið spenntur að sjá iðkendatölurnar eftir Covid af þeirri ástæðu að það voru allir heima og ekki að fara í gólfherðir til útlanda. Íþróttin er gríðarlega vinsæl og það eru fleiri

77 Eftirspurnin eftir því að komast í golf er gríðarleg og það eru fleiri og fleiri sem vilja kynna sér golfíþróttina.

Hulda Bjarnadóttir

og fleiri sem vilja kynna sér hana,“ segir Hulda.

Erum með puttann á púlsinum

Almenningur hefur hópast á gólfvelli landsins og Hulda segist meðvituð um að oft reynist vera erfitt að fá hreinlega rástíma.

„Við erum alveg með puttann á púlsinum að fylgjast með. Á álagstímum er erfitt að komast að. Eftirspurnin eftir því að komast í golf er gríðarleg en gólfvellirnir hér á landi eru margir og ég veit til þess að klúbbar fyrir utan höfuðborgarsvæðið, eins og á Reykjanesi, fyrir austan fjall og vestur fyrir Hvalfjarðargöng eru enn þá spennitir fyrir því að taka á móti fleiri kylfingum.“

Það bástur heldur betur ánægjuleg tíðindi á dögnum þegar Perla Sól Sigurbrandsdóttir úr GR gerði sér lítið fyrir og sigraði á Evrópu-meistaramóti 16 ára og yngri,



Hulda Bjarnadóttir er forseti Gólf sambands Íslands.

MYND/ADSEND

European Young Masters, sem fram fór í Finnlandi. Sigurinn var sögulegur þar sem þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur kvenkylfingur sigrar á þessu móti.

„Þetta var magnað hjá henni. Hún er 15 ára gömul og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér. Það er gaman að segja frá því að völvu Vikunnar spáði því að það kæmi fram risandi stórstjarna í kvennagólfinu. Það eru margir rosalega góðir hlutir að gerast í afreksstarfinu. Til að mynda ná ekki allir að taka þátt í Íslandsmótiinu í ár og ekki síst í karlaflokki þar sem þeir eru erlendis að keppa á mótum.“

Hulda hefur setið í embætti forseta Gólf sambandsins frá því í nóvember í fyrra en hún tók við því af Hauki Erni Birgissyni og varð um leið fyrsta konan til að gegna forsetaembættinu.

„Þetta er búinn að vera mjög ánægjulegur tími og maður fyllist gríðarlegu stolti að sjá hversu vel gólfklúbbarinn halda utan um starf gólfhreyfingarinnar í heild sinni á Íslandi. Það er sama hvert maður kemur á landsbyggðina. Alls staðar er unnið mjög metnadarfullt starf þar sem fólk brennir af áhuga að bjóða fleiri að spila og vera með í sportinu. Það hefur gefið mér mikið að fá að kynnast fólkinu aðeins betur sem starfar við golf á Íslandi í dag og auðvitað öllum kylfingunum.“

En hvernig stendur forsetinn sig sjálfur með kylfurnar?

„Ég náði á dögnum mínum besta hring og það í sjálfa meistaramóti. Mikið spil er að skila sér hjá forsetanum. Forgjöfin stendur í 12,3 núna. Maður er að para fleiri holur og einstaka fuglar detta inn.“ ■

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



Vilt þú bætast í hóp leiðtoga borgarinnar?



Reykjavíkurborg

• Sviðsstjóri menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og tómstundasviðs. Menningar-, íþrótt- og tómstundasvið er nýtt sameiginlegt svið innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar sem er í undirbúningi en borgarráð hefur samþykkt að sameina menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið í eitt svið. Hið nýja svið mun starfa með menningar-, íþrótt- og tómstundaráði.

Skipulag sviðsins er í mótun og mun nýr sviðsstjóri koma að undirbúningi við skipulag þess. Fyrirhugað er að nýtt sameiginlegt svið beri ábyrgð á skipulagi, rekstri og þjónustu menningarstofnana, íþróttamannvirkja, hátíða og margvíslegum stuðningi og samstarfi við menningar-, íþrótt- og tómstundalífið.

• Sviðsstjóri velferðarsviðs

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra velferðarsviðs. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn og fjölskyldur þeirra. Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Ein af megináherslum sviðsins næstu fimm árin er innleiðing nýrrar velferðarstefnu Reykjavíkurborgar en einkunnarorð hennar eru Reykjavík – fyrir okkur öll. Stafræn umbreyting á þjónustu, innleiðing laga um farsæld barna og aukið samráð við hagsmunaaðila eru á meðal fjölmargra verkefna í aðgerðaráætlun velferðarstefnunnar.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2022.

Umsjón með ráðningu hefur ráðningastofan Intellecta. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð verður 3ja manna hæfnisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samvinnu við Intellecta. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni. Sviðsstjórar heyra beint undir borgarstjóra og falla launakjör þeirra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Um störf sviðsstjóra gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkurborgar. Ráðið er af borgarráði í starf sviðsstjóra til fimm ára. **Ítarlegri upplýsingar um störfin og hæfniskröfur má finna á www.intellecta.is.**

Upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar (loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is).

intellecta
Ráðgjöf | Ráðningar | Rannsóknir



Tæknistjóri

Nói Síríus leitar að öflugum tæknistjóra til að leiða tæknideild fyrirtækisins sem sér um rekstur og viðhald á vélum og húsnæði Nóa Síríusar. Framundan eru einnig stór innleiðingarverkefni á nýjum tækjabúnaði. Við leitum því að kraftmiklum einstaklingi til að leiða fjölbreytt verkefni.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Dagleg stjórnun og rekstur tæknideildar
- Ábyrgð á rekstri og viðhaldi véla og tækja Nóa Síríusar
- Umsjón með framþróun tæknibúnaðar og húsnæðis
- Þátttaka í framtíðarskipulagi og uppsetningu framleiðslubúnaðar
- Ábyrgð á innkaupum og innleiðingu véla, tækja og varahluta
- Áætlanagerð, verkefnastjórnun, samskipti við birgja og samningagerð
- Rekstur öryggiskerfa og búnaðar ásamt setu í öryggisnefnd

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólanám á sviði rafmagnsverkfræði, vélaverkfræði eða tæknifræði er skilyrði
- Iðnmenntun, t.d. vélvirkjun, rafvirkjun eða sambærilegt, er mikill kostur
- Reynsla af viðhaldi fasteigna er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun, hóp- eða deildarstjórnun er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til **17. ágúst 2022**.



Nói Síríus er rótgróið og öflugt fyrirtæki á matvælamarkaði. Hjá Nóa Síríus starfar samhentur hópur um 120 starfsmanna sem hefur það sameiginlega markmið að gleðja bragðlauka þjóðarinnar. Til þess er fjöldi sælgætistegunda framleiddur í glæsilegum húsakynnum fyrirtækisins að Hesthálsi 2-4.

Síríus súkkulaðið hefur verið ómissandi hluti af hátíðarstundum Íslendinga í tæp níutíu ár og Nói Síríus einsetur sér að vera í hópi leiðandi fyrirtækja á sínu sviði. Það gerir fyrirtækið með því að bjóða eftirsóknarverða gæðavöru og þjónustu sem standast ýtrustu kröfur viðskiptavina á alþjóðlegan mælikvarða. Vöruþróun skipar að auki stóran sess í starfsemi Nóa Síríusar og nýjungar fyrirtækisins líta reglulega dagsins ljós í hillum verslana, Íslendingum til mikillar ánægju.

Nói Síríus telur að bestum árangri sé náð í starfi þegar þekking og færni starfsfólks fá að njóta sín og einstaklingurinn finnur til ábyrgðar. Í slíku andrúmslofti leggjast allir á eitt og skapa traustan grunn að öflugum rekstri.



Sótt er um starfið
á hagvangur.is



Forstjóri

Festi auglýsir starf forstjóra laust til umsóknar. Festi er eitt stærsta fyrirtæki landsins og leitar að öflugri manneskju sem býr yfir framsýni og krafti til að leiða félagið áfram inn í framtíðina.

Frá samruna Festi og N1 árið 2018 hefur tekist að byggja upp leiðandi fyrirtæki í verslun og þjónustu á landsvísu. Þessi árangur hefur skilað hluthöfum góðri og stöðugri ávöxtun af fjárfestingu í félaginu sem er að stórum hluta í eigu lífeyrissjóða.

Forstjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samvinnu við það öflugan starfsfólk sem hjá því starfar. Forstjóri mótastefnu í samstarfi við stjórn og gegnir lykilhlutverki í aðlögun félagsins að síbreytilegu rekstrarumhverfi. Spannandi tækifæri eru framundan og má þar nefna umhverfismál, orkuskipti, stafræna umbreytingu, þróun fasteignasafns og lóða og vaxandi þátttöku félagsins í daglegu lífi hins mikla fjölda viðskiptavina þess.

Rétta manneskjan í starf forstjóra Festi þarf að búa yfir

- Viðtækri reynslu af stjórnun og rekstri
- Stefnumótandi hugsun
- Drifkrafti, metnaði og getu til að byggja upp liðsheid
- Sterkri samfélagsvitund
- Brennandi áhuga á umhverfinu, viðskiptum og íslensku samfélagi
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til **21. ágúst 2022**.

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.



Festi hf. er í dag eignarhaldsfélag fimm rekstrarfélaga og snýr starfsemi félagsins að fjárfestingum og stoðþjónustu við Bakkann vöruhótel, ELKO, Festi fasteignir, Krónuna og N1. Hlutabréf Festi hf. eru skráð í Kauphöll Íslands. Starfsfólk Festi og rekstrarfélaga eru samtals 2.000 á starfsstöðvum um allt land. Velta félagsins árið 2021 var 101 milljarður.



Sótt er um starfið á hagvangur.is



JAFNALJANAVOTTUN
2019 - 2022



SIÐFERÐISGÁTTIN



Lögmannsstofan Fortis sinnir margs konar lögmannsþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og opinbera aðila.

Lögmannsstofan hefur m.a. sérhæft sig í að sinna slysa- og skaðabótamálum auk þess að sinna fjölda annarra fjölbreyttra og krefjandi verkefna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is).

Löglærður fulltrúi

Lögmannsstofan Fortis óskar eftir að ráða löglærðan fulltrúa til starfa.

Starfið felur í sér hefðbundin lögmannsstörf sem felast m.a. í samskiptum og ráðgjöf við viðskiptavini stofunnar, skjalagerð, eftirfylgd mála fyrir dómstólum, málflytningi o.fl.

Um er að ræða fullt starf í dagvinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða fullnaðarpróf í lögfræði skilyrði.
- Málflytningaréttindi æskileg.
- Þekking á slysa- og skaðabótamálum æskileg.
- Þekking á sviði vinnuréttar, sifja- og erfðaréttar, stjórnslurétta, kröfurétta, samningarétta og/eða félagaréttar er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði við úrlausn verkefna og geta til að takast á við ábyrgð í starfi.
- Góð færni til að setja fram mál í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku.

Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



FORSTJÓRI ORF LÍFTÆKNI

Við leitum að kraftmiklum forstjóra til að leiða áframhaldandi uppbyggingu félagsins inn á nýja markaði

Í byrjun árs var ORF Líftækni skipt upp í tvö félög: BIOEFFECT með áherslu á húðvörur og ORF Líftækni með áherslu á þróun, framleiðslu og sölu vaxtaþátta.

ORF Líftækni er leiðandi fyrirtæki í plöntulíftækni. Hugvit og nýsköpun félagsins byggir á þróun þess á tækni til að framleiða sérvirk prótein, svokallaða vaxtaþætti, með erfðatækni í byggfræjum.

Síðastliðin ár hefur ORF Líftækni lagt áherslu á framleiðslu á vaxtaþáttum fyrir húðvörur BIOEFFECT og stofnfrumrannsóknir.

Nýjasta vörulína félagsins er MESOkine, dýravaxtaþættir sem eru sérstaklega þróaðir fyrir framleiðslu á stofnfrumræktuðu kjöti, vistkjöti, sem talið er að muni gjörbylta matvælaframleiðslu framtíðarinnar. Þannig mun ORF Líftækni taka þátt í að leysa einn helsta vanda heimsins sem felst í afleiðingum hefðbundinnar kjötframleiðslu á umhverfi og samfélag.

Árið 2020 hlaut ORF Líftækni 2,5 milljóna evra styrk frá EU Horizon sem nýttur hefur verið í þróun MESOkine vörulínunnar. Næstu skref í framþróun félagsins eru að stækka og efla teymið, hefja uppskölun á framleiðslukerfi félagsins og setja aukinn kraft í markaðssetningu og sölu á MESOkine á erlendum mörkuðum.

Við leitum að kraftmiklum forstjóra til að leiða þessa spennandi nýju vegferð með okkur.

Höfuðstöðvar félagsins eru í Kópavogi en öll ræktun á byggi fer fram í vistvænu gróðurhúsi ORF Líftækni í Grindavík.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Öflugur leiðtogi með getu til að hrífa fólk með sér í átt að settum markmiðum
- Mótun og innleiðing stefnu og tryggja skýra forgangsröðun
- Ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og fjármögnun
- Ábyrgð á samningagerð við lykilbirgja- og viðskiptavini
- Tryggja þekkingu í fyrirtækinu sem styður við nýsköpun og árangur

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af stjórnun í nýsköpunarfyrirtæki kostur
- Reynsla af alþjóðlegu viðskiptaumhverfi kostur
- Reynsla af samningagerð
- Frumkvæði, metnaður til að ná árangri og framúrskarandi samskiptahæfni
- Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 22. ágúst næstkomandi

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Sótt er um starfið á vinnvinn.is

Umsjón með starfinu hafa hilmar@vinnvinn.is og gardar@vinnvinn.is

Samfélagsmiðla- og verkefnastjóri

Festa er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem hægt er að hafa áhrif og leiða verkefni með sýnilegum árangri. Festa eru frjáls félagasamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Drifkraftur Festu er að íslenskt samfélag og atvinnulíf verði leiðandi á sviði sjálfbærni. Aðild eiga yfir 170 fyrirtæki, stofnanir og sveitafélög. Samfélag Festu er einstakt netverk leiðandi aðila á sviði sjálfbærs reksturs og nýsköpunar. Okkar starf er tilgangsdrifið, við eigum í uppbyggilegu samstarfi og leggjum áherslu á gagnkvæman stuðning ólíkra aðila í átt að settu marki. www.samfelagsabyrgd.is.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og hnitmiðað kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með ráðningarferlinu hafa **Garðar Óli Ágústsson** (gardar@vinnvinn.is) og **Jensína Kristín Böðvarsdóttir** (jensina@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Viltu taka þátt í 6. iðnbyltingunni - sjálfbærniþyltingunni?

Festa – miðstöð um sjálfbærni leitar að skapandi og drifandi samfélagsmiðla meistara og verkefnastjóra í teymið hjá sér. Við leitum að manneskju með brennandi áhuga á fræðslu, miðlun og sjálfbærni til að stýra samfélagsmiðlum Festu, ritstýra Fréttablaði Festu, uppfæra heimasíðuna okkar og verkefnastjóra afmörkuðum hreyfiaflsverkefnum.

Helstu verkefni:

- Dagleg umsjón með samfélagsmiðlum og heimasíðu Festu.
- Setja inn og framleiða efni fyrir samfélagsmiðla, s.s. textavinna og myndefni.
- Mótun markaðs- og fræðsluefnis.
- Umsjón og ritstjórn Fréttabréfs og ársskýrslu Festu.
- Verkefnastjórn.
- Samskipti við samstarfsaðila og félaga í Festu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Þekking á helstu samfélagsmiðlum og hugbúnaði eins og Facebook Business Manager, Canva, Crowdsignal og Mailchimp, eða sambærilegum.
- Hæfni til að greina gögn.
- Gott vald á íslensku og ensku og hæfni til hnitmiðaðra textasmíða.
- Gott auga fyrir hrifandi og grípandi myndefni.
- Frumkvæði, fróðleiksfýsni, sjálfstæð vinnubrögð, skapandi og gagnrýnin hugsun.

Umsóknarfrestur er til og með 16. ágúst nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Framkvæmdastjóri

Loftslagsráð er fulltrúaráð sem í eiga sæti fulltrúar sveitarfélaga, launþega, neytenda, viðskipta- og atvinnulífs, bænda, háskóla-samfélagsins, umhverfisverndarsamtaka og ungs fólks. Formaður og varaformaður eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar.

Ráðið fer ekki með stjórnvaldsheimildir en sækir umboð sitt til laga um loftslagsmál og er ætlað að vera sjálfstætt í störfum sínum og veita stjórnvöldum aðhald með faglegri ráðgjöf. Það sinnir hlutverki sínu með því að rýna áætlanir stjórnvalda, stuðla að upplýstri umræðu, standa fyrir miðlun upplýsinga og viðburðum um loftslagstengd málefni.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa **Hildur J. Ragnarsdóttir** (hildur@vinnvinn.is) og **Garðar Ó. Ágústsson** (gardar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

Loftslagsráð leitar að framkvæmdastjóra til að reka skrifstofu og sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði ráðsins. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga og metnað fyrir loftslagsmálum, býr yfir góðri samskiptahæfni, reynslu af málefnavinnu og innsýn í stefnur og straua í íslensku samfélagi, atvinnulífi og stjórnsýslu.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með þróun og rekstri skrifstofu Loftslagsráðs þ.m.t. fjárhags- og starfsáætlanagerð, ábyrgð á bókhaldi og ráðstöfun fjármuna.
- Umsjón með framvindu verkefna ráðsins og starfsfólki og aðkeyptri sérfræðiþjónustu.
- Þjónusta sem ritari Loftslagsráðs sem felur í sér skipulag og þjónustu við fundi ráðsins, undirbúning fundagagna og eftirfylgni.
- Fagleg greiningarvinna.
- Samstarf við hagaðila á sviði loftslagsmála, stjórnarráðið, önnur loftslagsráð og aðra erlenda samstarfsaðila.
„Er orðið svona langt síðan fyrsta bókin kom?“ spyr Samúel. Hann las fyrstu þrjár bækurnar nánast í einni samfelldri runu en hver bók telur ansi margar blaðsíður. „Eftir að fyrsta þáttaröðin kom út fór ég að lesa. Ég kem seint um borð í vagninn en ég



Samúel Karl Ólason blaðamaður

Mergætni, hlíja og virðing Við andlát ástvinar

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

†
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,
Inga Árnadóttir
Heiðarbóli 59, Keflavík,
lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 29. júlí á krabbameinsdeild Landspítalans. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 10. ágúst kl. 13.

Sölvi Stefánsson
Ásta Sölvadóttir Ingvar H. Ragnarsson
Hildur Sölvadóttir Ian H. Muir
Stefán Örn Sölvason Birna V. Jakobsdóttir og barnabörn.

†
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Árnýjar Elsu Tómasdóttur
frá Háabæ í Þykkvabæ.
Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi fyrir góða umönnun.

Ágústa Valdimarsdóttir Gunnar Steinþórsson
Guðbjörg Kristín Valdimarsdóttir
Jón Óskar Valdimarsson
Thelma Dögg Valdimarsdóttir Haukur Ægir Ragnarsson barnabörn og barnabarnabörn.

Þetta gerðist: 7. ágúst 1960

Vilhjálmur jafnaði heimsmet

Vilhjálmur Einarsson bætti eigið Íslandsmet í þristökki frá því í Melbourne 1956 er hann stökk 16,70 metra á frjálsíþróttamóti í Reykjavík og var það þá næstlengsta stökk í heimi. Þetta Íslandsmet stendur enn.

„Stórkostlegt afrek sem allar milljónaþjóðir yrðu stoltar af,“ var skrifað á forsiðu Morgunblaðsins um afrek Vilhjálms undir mynd sem sýnir hann fara fram hjá öllum merkjum vallarins. „Það afrek er annað bezta þristökksafrek sem íþróttasagan getur um. Þar til á föstudaginn hefði þessi árangur Vilhjálms verið jafn staðfestu heimsmeti í greininni, sem Rússinn Fedosojev átti. En á föstudaginn stökk Pólverjinn Josef Schmidt 17,03 m, og er ekki vitað annað um það afrek en það verði staðfest sem heimsmet,“ stóð á forsiðu blaðsins.

Stökksería Vilhjálms var með ein-dæmum jöfn og góð, svo góð að hún hlýtur að skjóta beztu þristökkvurum heims skelk í bringu,“ stóð enn fremur. Í umfjöllun um mótið kemur fram að Vilhjálmur hafi verið heppinn hreinlega að ná mótinu. Það hafi byrjað klukkan 16 á laugardeginum en 14 á sunnudeginum þegar þristökkskeppnin var. Vilhjálmur hélt að mótið byrjaði aftur klukkan fjögur og mætti hann rétt áður, eða fimm mínútur fyrir tvö, og sleppti fyrstu tilraun.

En stökkserían var glæsileg: 16,23 í fyrsta stökki, 16,30 í öðru og aftur 16,23 í því þriðja. Svo komu 16,46 metrar áður en risastökkið leit dagsins ljós. Fyrsta stökkið var 6,05 metrar, miðstökkið hljóðaði upp á 5,02 og lokastökkið var 5,63 metrar, eða samtals 16,70 metrar. ■



Vilhjálmur Einarsson frjálsíþróttamaður var einn fremsti íþróttamaður landsins.

Þetta gerðist: 6. ágúst 1983

Keflavíkurganga gengin í níunda skiptið

Keflavíkurgöngurnar voru mótmælaaðgerðir sem Samtök hernámsandstæðinga og síðar Samtök herstöðvaandstæðinga stóðu fyrir í baráttu sinni gegn veru bandaríska setuliðsins á Íslandi á árabílinu 1951 til 2006. Margar þeirra voru með mestu fjöldaaðgerðum 20. aldar á Íslandi. Fyrsta Keflavíkurgangan var gengin 19. júní 1960. Sú níunda var gengin þennan dag fyrir 39 árum.

Keflavíkurgöngur fóru þannig fram að þátttakendur héldu snemma að morgni að hliðum herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Þar var haldinn stuttur upphafsfundur en síðan var gengið undir fánum og kröfuspjöldum til Reykjavíkur, hátt í 50 km leið. Jafnt og þétt fjölgaði í göngunni eftir því sem nær dró Reykjavík. Stuttir fundir voru haldnir á hvíldarstöðum á leiðinni, oft í Kúagerði og Straumsvík. Aðgerðirnar enduðu svo með fjöldafundi í miðborginni, oftast á Lækjartorgi. Ýmis félagsamtök hernáms- og herstöðvaandstæðinga (þar á meðal Samtök herstöðvaandstæðinga) stóðu fyrir samanlagt ellefu Keflavíkurgöngum. ■



Margar Keflavíkurgöngurnar voru með mestu fjöldaaðgerðum 20. aldar á Íslandi.



Ástkær faðir okkar, sonur, afi, bróðir, unnsti og vinur,
Valgarð Heiðar Kjartansson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 1. ágúst. Útför auglýst síðar.

Elis Aron Valgarðsson
Ævar Annel Valgarðsson
Emil Stormur Valgarðsson
Vigdís Ninja Rut Valgarðsdóttir
Valey Tindra Valgarðsdóttir
Atlas Eldur Flóki Valgarðsson
Elvis Aron Elísson
Hulda Ósk Ólafsdóttir **Kristinn Ragnarsson**
Kjartan Heiðar Margeirsson
Elisa Auður Liljudóttir
Valgerður Inga Kjartansdóttir
Hafsteinn P. Vattnes
Guðrún Margrét Kjartansdóttir
Berglind Ósk Kjartansdóttir **Pétur S. Pétursson**
og ættingjar og vinir.



Reynir Jónsson

frá Fjósatungu í Fnjóskadal,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmanshlið laugardaginn 30. júlí. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Alúðarþakkir til starfsfólks Árgerðis fyrir frábæra umönnun.

Kristbjörg Jónsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
og aðrir aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðmunda Þórhildur Einarisdóttir

Lyngbergi 19, Þorlákshöfn,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Einar Óli Sigurbjörnsson **Hafdis Gerður Guðmundsdóttir**
Svanur Þór Sigurbjörnsson
Reynir Sigurbjörnsson **Helga Ögmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Aðalheiður Dröfn Gísladóttir

Viðigrund 16, Akranesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, sunnudaginn 31. júlí.

Útför hennar fer fram frá Akranes Kirkju þriðjudaginn 9. ágúst kl. 13. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða, fyrir góða og hlýja umönnun. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranes Kirkju, www.akranes Kirkja.is

Þráinn Sigurðsson

Gísli Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson

Þróstur Heiðar Þráinsson

Heiðrún Þráinsdóttir Kelly

Hafdis Hannesdóttir

Kaori Ohtomo

Martin Stuart Kelly

barnabörnin.



Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og frændi,

Ásmundur Einarsson

varð bráðkvaddur 24. júlí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á styrktarsjóð barna hans: 0370-13-011901, kt. 180282-4839.

Rósa Björk, Einar, Katrín Anna

Hjálmfríður Björg Jóhannsdóttir

Kristin Helga Einarsdóttir **Gunnar Auðunn Jóhannsson**
og fjölskylda.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðný Hannesdóttir

Efstalandi 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 26. júlí.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 10. ágúst, klukkan 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Alzheimersamtökin.

Rósa S. Jónsdóttir

Oddfríður R. Jónsdóttir

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson

Hannes A. Jónsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Jóna Gunnlaugsdóttir

lést á Sunnuhlíð 27. júlí.

Útför hennar fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 24. ágúst kl. 15.00.

Karl Jóhann Jóhannsson **Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir**
Guðrún Jóhannsdóttir

Ásgerður Diljá Karlsdóttir, Karlotta Kara Karlsdóttir

Ingibjörg Æsa Karlsdóttir

Baldur Þór Sigurðarson, Kristján Þórarinnsson

Árný Jónasdóttir, Óli Hrafn Jónasson

Andri Jónasson, Brynjar Jónasson

Jónas Bjarki Brynjarsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

LENGJU DEILDIN



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Lengjumörkin

MÁNUDAGA KL. 19.00 OG 21.00

Hringbraut er heimili Lengjudeildarinnar í sumar.
Hörður og Hrafnkell fara ítarlega yfir úrslit og
mörk í leikjum Lengjudeildar karla í knattspyrnu.



HRINGBRAUT

Laugardagur

Hringbraut

- 18.30 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 19.00 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 19.30 Saga og samfélag (e)** Mál-efni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvislegum sviðum.
- 20.00 Veðið með Gunnari Bender (e)** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veði.
- 20.30 Fjallaskálar Íslands (e)**
- 21.00 Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
- 09.31 Stundin okkar**
- 10.00 Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla**
- 10.30 Leyndarlíf hunda**
- 11.20 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Hrefna Sætran.
- 11.45 Sporið**
- 12.15 Tónafloð um landið 2021** Bildudalur.
- 13.35 Sumarlandinn**
- 14.10 Mamma mín**
- 14.30 Mótorsport** Miðsumar-suppgjör og upphitun fyrir Jepparall.
- 15.00 Íslandsmótið í golfi** Bein útsending frá Vestmannaeyjum.
- 17.50 Músikmolar**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Sögur af apakóngi**
- 18.25 Hönnunarstírnin**
- 18.42 KrakkaRÚV**
- 18.45 Sumarlandabrot**
- 18.52 Lottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Hátiðardagskrá Hinsegin daga - Fegurð í frelsi** Skemmtipáttur í tilefni Hinsegin daga.
- 20.35 Sumarland Summerland**
- 22.15 Eftir After**
- 00.00 The Turning Gættu barnanna!**
- 01.30 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 08.30 This Is Us**
- 10.30 The Bachelorette**
- 12.00 The Block**
- 13.00 Young Rock**
- 13.30 Tottenham - Southampton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Extreme Makeover. Home Edition**
- 19.30 Ferris Bueller's Day Off**
- 21.10 Save the Last Dance 2**
- 22.40 John Wick. Chapter 2**
- 00.40 The Rhythm Section**
- 02.30 Love Island (54.58)**
- 03.15 Love Island (55.58)**
- 04.00 Tónlist**

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
- 11.20 Það er leikur að elda**
- 11.50 Impractical Jokers**
- 12.30 Bold and the Beautiful**
- 13.55 30 Rock**
- 14.20 Blindur bakstur**
- 14.50 Miðjan** Við fylgjumst með venjulegum degi hjá Kolbeini. Hann biður spennur allan daginn eftir að heyrir hvort hann hafi komist í meistaraflokk.
- 15.00 Backyard Envy**
- 15.45 Kvöldstund með Eyþóri Inga**
- 16.35 Wipeout**
- 17.15 Krakkavísi**
- 17.45 Franklin & Bash**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.55 Top 20 Funniest**
- 19.35 Mystery 101. Deadly History**
- 21.00 Beyond the Law** Hinn eini sanni Steven Seagal er hér mættur í þessari æsi-spennandi mynd. Spilltur lögreglumaður, sem er hættur störfum, fréttir af því að sonur hans hafi verið myrtur. Þá snýr hann aftur í hverfin sem hann þekkir alltof vel, vopnaður, hættulegur og hefur engu að tapa.
- 22.30 Green Book**
- 00.35 Shirley** Spennutryllir frá 2020 um hrollvekjandi höfundinn Shirley Jackson sem fær innblástur fyrir næstu bók sína þegar hún og eiginmaður hennar leyfa ungu pari að búa undir sama þaki og þau.
- 02.20 Hunter Street**
- 02.40 Impractical Jokers**
- 03.20 30 Rock**
- 03.45 Backyard Envy**

Sunnudagur

Hringbraut

- 18.30 Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.00 Suður með sjó (e)** Viðtalsþáttur um fólk á Suðurnesjum í stjórn Páls Ketilssonar.
- 19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sivilsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Mannamál (e)**
- 21.00 Suður með sjó (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**
- 10.00 Ævar vísindamaður** Stærðfræði.
- 10.30 Ferðin heim**
- 11.25 Hátiðardagskrá Hinsegin daga - Fegurð í frelsi**
- 12.15 Leyndardómar húðarinnar**
- 12.45 Soð í Dýrafirði** Ingjalds-sandur.
- 13.00 Fiskilíf**
- 13.30 Popp- og rokksaga Íslands** Tveggja turna tal.
- 14.30 Íslandsmótið í golfi** Bein útsending frá Vestmannaeyjum.
- 17.35 Örlæti** Steinmenn - Akureyri
- 17.50 Landakort** Enn að prófa sig áfram eftir 60 ár á bak við linsuna.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Holly Hobbie**
- 18.25 Basl er búskapur**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.40 Veður**
- 19.50 Sumarlandinn**
- 20.30 Náttúran mín** Skróður.
- 21.00 Þetta verður vont This Is Going to Hurt** Dramatískir gamanþættir frá BBC. Lífið getur verið strembið fyrir unglækna á fæðingardeild á erilsömu sjúkrahúsi í London. Þeir reyna að samræma einkalíf og vinnuna þar sem stutt er milli hláturs og gráts. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 21.50 Ólögleg ást Against the Law**
- 23.15 Ísland. bíóland** Heima og heiman
- 00.15 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 14.00 The Block**
- 15.00 PEN15**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 A Million Little Things**
- 18.20 Einvígið á Nesinu 2022**
- 19.25 State of the Union**
- 19.40 Young Rock**
- 20.10 This Is Us**
- 21.00 Law and Order. Special Victims Unit**
- 21.50 Station Eleven**
- 22.50 Love Island**
- 23.35 The Stand (2020)** Spennandi þáttaröð sem byggð er á sögu eftir Stephen King. Eftir að plága hefur fellt meirihluta jarðarbúa hvíla örlög mannkynsins á herðum fámenns hóps sem lifði af. Versta martröð þeirra birtist í manni með banvænt brot og ógnvænlega krafta. Aðalhlutverkin leika Whoopi Goldberg, Alexander Skarsgård, James Marsden og Odessa Young.
- 00.20 FBI** Bandarískur spennuþáttur um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, í New York. Frábær þáttaröð frá Dick Wolf.
- 01.05 The Rookie**
- 02.30 Seal Team**
- 03.15 Love Island**
- 04.00 Tónlist**

Stöð 2

- 08.00 Barnaefni**
- 11.25 Hunter Street**
- 12.10 Best Room Wins**
- 12.25 Nágrannar**
- 14.00 Nágrannar**
- 14.25 The Cleaner**
- 14.55 Augnablik í lífi - Ragnar Axelsson**
- 15.20 DNA Family Secrets**
- 16.20 Making It**
- 17.00 Top 20 Funniest**
- 17.45 60 Minutes**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkinn**
- 18.50 Ísskápastríð**
- 19.30 Grand Designs. Sweden**
- 20.15 The Heart Guy**
- 21.05 Agent Hamilton**
- 21.50 Pandore**
- 22.45 Shameless**
- 23.40 Warrior**
- 00.30 Leonardo**
- 01.20 Knutby**
- 02.00 Hunter Street**
- 02.25 Hunter Street**
- 02.45 Best Room Wins**
- 03.30 The Cleaner**

Mánudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin úrval** Úrval þáttum sumarsins.
- 19.00 Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
- 19.30 Undir yfirborðið (e)** Ásdís Olsen fjallar hispurslaust um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
- 20.00 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildapáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
- 20.30 Fréttavaktin úrval**
- 21.00 Lengjudeildarmörkin**



Harry Kane er tilbúinn í tímabilið.

Enski boltinn

Sá enski er loksins byrjaður að rúlla á nýjan leik eftir langt og erfitt sumar. Í gær mættust Lundúnaðið Crystal Palace og Arsenal í opunarleik mótsins, sem verður án efa mjög spennandi. Sex leikir eru á dagskrá í dag og klukkan 13.30 hefst bein útsending Sjónvarps Símans á leik Tottenham Hotspur og Southampton.

Eins og sjá má í blaði gærdagsins spáir íþróttadeild Fréttablaðsins Tottenham góðu gengi í vetur, þriðja sætinu, á eftir Manchester City og Liverpool sem barist hafa um titilinn undanfarin ár. Hinn ítalski knattspyrnustjóri Antonio Conte kann sitt fag og hefur ávallt náð góðum árangri með lið sín. Þá býr liðið yfir einu besta tviykki í boltanum, Harry Kane og Heung-Min Son.

Fréttablaðið spáir hins vegar að Dýrlingarnir frá Southampton eigi krefjandi tímabil fyrir höndum en haldi þó sæti sínu í deildinni, það er hafni í 15. sæti. Hinn austurríski stjóri Ralph Hasenhuttl er þó enginn aukvísir og búast má við spennandi leik. ■

Við tækið

Bollastrákar á flóttu undan Satan



Þorgrímur Kári Snævarr
thorgrimur@frettabladid.is

Síðar í mánuðinum er von á nýjum þáttum úr Netflix-teiknimyndaseríunni The Cuphead Show. Á yfirborðinu eru þetta barnþættir um tvo stráka með bolla fyrir höfuð sem búa með skeggjuðum tekatli á svokallaðri Blekbyttuey. Þar komast þeir oft í hann krappan því sjálfur Kölski á tilkall til sálar annars þeirra og gerir hvað sem það kostar til að innheimta hana

Þetta er furðulegt sögusvið jafnvel í barnateiknimynd en vert er að staldra við það á hverju þættirnir byggja. Þeir eru byggðir á tölvuleiknum Cuphead, sem er sjálfur byggður á stíl gamalla bandarískra teiknimynda frá fjórða áratugnum.

Leikurinn Cuphead var hugafóstur bræðranna Chads og Jareds Moldenhauer, sem unnu baki



Bollastrákarirnir tveir á góðri stund.

brotinu við að teikna hvern einasta myndamma skref fyrir skref til að endurskapa útlit nærri aldargamla teiknimynda. Afraksturinn var hreint listaverk, líklega vandaðasta teiknimynd síðustu ára og það í tölvuleik. Þættirnir á Netflix komast eiginlega ekki með tærnar þar sem leikurinn er með hælana hvað varðar útlit, en það er ekki hægt að gagnrýna hugmyndaflug þeirra. ■



Afraksturinn var hreint listaverk, líklega vandaðasta teiknimynd síðustu ára og það í tölvuleik.

OMEGA-3 COLLAGEN

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

HJARTA
OG
ÆÐAKERFI



Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH

AHLIS



Stillanlegt rúm, Ambassador*

Verð frá:

720.200.-

Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.



Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / 5687733 / epal.is



Nordic Seamless*

Verð frá:

423.600.-



Jensen rúm:

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
Norsk gæðaframleiðsla frá 1947.
- Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur.
- Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími,
ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum

Continental*

Verð frá:

499.400.-



* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.

Loksins draumahögg hjá Hlyni Geir


Selfyssingurinn Hlynur Geir Hjartarson er þekktur afrekskylfingur og hefur leikið golf í tæp 30 ár. Hann náði loks draumahögginu á æfingahring fyrir Íslandsmótið í golfi í Eyjum. Hann fór holi í höggi á hinni mögnuðu 17. braut.

Hlynur og tvær dætur hans, Heiðrún Anna og Katrín Embla, keppa á Íslandsmótinu.

Svona lýsti Hlynur draumahögginu á Facebook: „17. hola Vestmannaeyjum. 132 metrar, 9 járn. Logn og sól. Eftir 28 ár í golfi og mjög marga golfhringi kom loksins að þessu. Þetta var geggjáð og ólýsanlega gaman og að gera þetta með Gunnhildi konu minni var stór plús. Kalli Haralds, framkvæmdastjóri GV, sagði að ég væri fjórði sem nær að fara holi í höggi á 17. holi frá upphafi.“ ■



Hlynur Geir glaður með draumahöggi á 17. braut.



Arnar Daði og Gunnlaugur Árni í góðum gir.

Afar flottur árangur hjá Gunnlaugi Árna og Arnari Daða í Írlandi

Arnar Daði Svavarsson og Gunnlaugur Árni Sveinsson, báðir úr GKG, gerðu sér litid fyrir og sigruðu í sínum aldursflokkum á sterku alþjóðlegu móti sem fram fór á Lough Erne golfsvæðinu á Norður-Írlandi en hönnuður þess er Sir Nick Faldo.

Gunnlaugur Árni, sem er 17 ára, sigraði í flokki pilta 19 ára og yngri en hann lék hringina þrjá á 5 höggum undir pari vallar og lék frábært golf, 71-68-71. Gunnlaugur Árni

sigraði með 5 högga mun og var sá eini sem lék undir pari.

Arnar Daði, sem er 13 ára, sigraði í drengjaflokkum 15 ára og yngri. Hann lék hringina þrjá á +8 eða 223 höggum. Arnar Daði sigraði með 6 högga mun. Aðeins þrjú kyflingar af 42 léku alla hringina undir 80 höggum.

Keppt var í ýmsum aldursflokkum á þessu móti sem er boðsmót þar sem landsmeisturum víðs vegar að úr Evrópu er boðið að taka þátt. ■

Fullkomið högg hjá Arnari Snæ

„Þetta var bara fullkomið högg,“ sagði Arnar Snær Hákonarson, Golfklúbbi Reykjavíkur, en hann fór holi í höggi á 7. braut á fyrsta keppnisdegi á Íslandsmótinu í golfi í Vestmannaeyjum.

„Þetta voru 176 metrar með sex járn. Strákarnir sögðu að boltinn hafi endað 1-2 metra frá holi og svo beint ofan í,“ sagði Arnar Snær, sem lék hringinn á einum yfir pari. Hann fékk fugl næstu tvær holur á eftir þeirri sjöundu og var kominn í forystu með öðrum í mótinu eftir 9 holur en náði ekki að fylgja því eftir á seinni 9 holunum sem hann lék á 4 yfir pari. Engu að síður góður hringur. Með honum í ráshópi var meðal annars Hlynur Geir Hjartarson sem fór holi í höggi á mánudaginn á sama velli en á 17. holi. ■



Arnar Snær brosir breitt með bolta úr holi á 7. braut.



Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum er frábær og í afar glæsilegu umhverfi.

Bestu kyflingarnir keppa um þann stóra í Eyjum

Stærsta golfmót ársins, Íslandsmótið í högggleik, hófst á fimmtudag og stendur fram á sunnudag í Vestmannaeyjum. Gríðarmikill undirbúningur hefur staðið yfir en völlurinn skartar sínu fegursta og er tilbúinn að taka á móti bestu kyflingum landsins.

Íslandsmótið var í fyrsta sinn haldið í Eyjum árið 1959 en þá var leikið á 9 holum sem voru útbúnar fyrir mótið en heimamenn urðu að sjá á eftir svæðinu að mótinu loknu. Mótið fór síðast fram í Eyjum 2018 en þá sigruðu Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Axel Bóasson, bæði úr Golfklúbbum Keili. Þar á undan var mótið 2008 en þá vann Helena Árnadóttir úr GA og Kristján Þór Einarsson úr Mosfellsbæ. Árið 2003 vann Ragnhildur Sigurðardóttir,



Metfjöldi keppir í kvennaflokkum á mótinu í Vestmannaeyjum.

GR, og Birgir Leifur Hafþórsson en hann vann einnig 1996. Það var hans fyrsti titill en hann hefur oftast allra orðið Íslandsmeistari karla, eða sjö sinnum. Karen Sævarsdóttir úr GS vann þetta ár kvennaflokkinn í Eyjum en það var hennar áttundi titill í röð.

Núverandi Íslandsmeistarar eru Aron Snær Júlíusson og Hulda Clara Gestsdóttir, bæði úr GKG. Þau eru bæði til leiks og munu fá harða keppni. Metfjöldi er í kvennaflokkum

á Íslandsmótinu, eða 44 keppendur alls. Hlutfall kvenna hefur aldrei verið herra, eða 29%.

Frá árinu 2001 hefur meðalfjöldi keppenda í kvennaflokkum verið 26, eða 18% af heildarfjölda keppenda. Keppendafjöldinn í kvennaflokkum í ár er 54% yfir meðaltali síðustu ára. Alls eru fjórir fyrrum Íslandsmeistarar á meðal keppenda og þar af tveir atvinnukyflingar. Mótið í ár er því eitt það allra sterkasta þar sem flestir af forgjafarlægstu kyflingum landsins í kvennaflokkum eru á meðal keppenda. Það er að miklu að keppa fyrir atvinnukyflingana þar sem að verðlaunaféð fyrir Íslandsmeistaratitil hjá atvinnukyflingum í karla- og kvennaflokkum er 500 þúsund kr. Verðlaunaféð fyrir fyrsta sætið til áhugakylfings er 90 þús. krónur.

kyflingur.is er í Eyjum og fjallar ítarlega um mótið í máli og myndum. ■



Sigurveggar og mótshaldarar í Einvíginu á Nesinu.

Bjarni Þór vann einvígið á Nesinu

Heimamaðurinn Bjarni Þór Lúðvíksson, 18 ára klúbbsmeistari Nesklúbbsins, stóð uppi sem sigurvegari á hinu árlega góðgerðamóti Nesklúbbsins, Einvíginu á Nesinu, sem fram fór á frídegi verslunarmanna 1. ágúst. Gunnlaugur Árni Sveinsson, GKG, og Bjarni Þór voru tveir eftir í lokin og hafði Bjarni betur eftir spennandi keppni á lokaholunni.

Venju samkvæmt var nokkrum af bestu kyflingum landsins boðið til leiks og í ár var leikið í þágu stuðningsfélagsins Einstakra barna. Einstök börn er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni. Félagið var stofnað 13. mars 1997 af foreldrum nokkurra barna en nú hefur félagið stækkað ört og eru hátt í 500 fjöl-

Úrslit í Einvíginu 2022

Sæti

1. Bjarni Þór Lúðvíksson
2. Gunnlaugur Árni Sveinsson
3. Aron Snær Júlíusson
4. Perla Sól Sigurbrandsdóttir
5. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
6. Ragnhildur Kristinsdóttir
7. Hlynur Bergsson
8. Birgir Leifur Hafþórsson
9. Guðrún Brá Björgvinsdóttir
10. Magnús Lárusson



Í ár var leikið í þágu stuðningsfélagsins Einstakra barna.

Harðardóttur, framkvæmdastjóra Einstakra barna, ávísun að upphæð kr. 1.000.000 í mótslok.


Fyrirkomulagið í Einvíginu var þannig að fyrstu tvær holurnar voru leiknar með því sniði að sá fellur úr leik á fyrstu braut sem er fjærst holi eftir þrjú högg og tvö högg á annarri braut. Eftir það var farið í hið hefðbundna „shoot-out“ fyrir þá sem eru með hæsta. ■

Golf fréttir og umfjöllun alla daga



Ólafur Pálsson olafur@vf.is - Páll Ketilsson pket@vf.is

FÆRÐU NÓG FYRIR PENINGANA?



Vissir þú að það þarf níu birtingar í Morgunblaðinu til að ná til sama fjölda og með einni birtingu í Fréttablaðinu, ef miðað er við konur á aldrinum 25-54 ára á höfuðborgarsvæðinu?

Auglýstu í Fréttablaðinu og fáðu meira fyrir peningana.

FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Ferill Cat Gundry Beck gerbreyttist eftir gosið í Geldingadölum í fyrra og ljósmyndir hennar birtust á forsiðum stærstu fréttamiðla heims.

MYND/KARIM ILYA

Með brostið hjarta vegna eldsumbrota

Írski auglýsingaljósmýndarinn Cat Gundry Beck er búsett á Íslandi en stódd í heimalandinu um þessar mundir. Hún er miður sín yfir að vera fjarri eldgosinu í Meradölum og segir Íslendinga vera eina fólkið sem skilur það.

ninarichter@frettabladid.is

Eldgosamyndir írsku ljósmýndarans Cat Gundry Beck síðan í fyrra rötudu á forsiðu The New York Times, The Guardian og CNN, ásamt fleiri stórum miðlum. Myndirnar gerbreyttu ferli ljósmýndarans, sem sérhæfir sig öllu jöfnu í tisku og auglýsingaljósmýndun og öfluðu henni tækifæra hjá stórum útgáfum á borð við breska Vogue.

„Þetta var glatað,“ segir hún og hlær aðspurð hvernig tilfinningin hafi verið þegar hún fékk fyrstu fregnir af nýju gosi í Meradölum. „Þetta hefur verið undirliggjandi ótti hjá mér, að vera erlendis þegar eldgos hefst.“

Cat, eins og hún er jafnan kölluð, ræddi við Fréttablaðið í mars um hvernig eldgosid í Geldingadölum bylti ferlinum og gaf henni gjafir sem héldu áfram að gefa.

„Ég veit ekki hvernig ég hefði brugðist við ef ég hefði misst af þessu í fyrra. En ég hef alltaf haft þetta á bakvið eyrað þegar ég bóka ferðir frá Íslandi.“

Oftast rólegur timi á Íslandi

Hún segist ekki hafa haft slíkar áhyggjur þegar hún bókaði mán-



Cat þurfti að taka hlé frá samfélagsmiðlum í vikunni.

MYND/CAT GUNDRY BECK

áðarlanga ferð til heimalandsins Írlands yfir sumarið, en lítið hafi bent til gosóróa þegar hún fór. „Þetta er yfirleitt mjög rólegur timi hjá mér á Íslandi af því að allir eru í sumarfríi. Þetta fer svo allt aftur í gang í september þegar tóknarnar fyrir jólavertíðina fara af stað.“

Cat segist hafa ætlað að nota fríid í að byggja upp viðskiptasambönd á Írlandi. Hún bókaði flug heim til

Íslands þann 18. ágúst en taldi ólíklegt að hún myndi nota það.

„Það kostaði aðeins 34 evrum meira að bóka báðar leiðir svo að ég sló bara til. Ég var orðin handviss um að nota ekki flugið en svo breyttist bara allt.“

Fékk samtalið um hánótt

Íslenskur vinur Cat er sonur tveggja jarðfræðinga og starfar sem leið-



Fólkið hér skilur ekki hvaða þýðingu þetta hefur, Íslendingar eru þeir einu sem skilja mig.

sögumaður. „Hann kenndi mér flest allt sem ég veit um Ísland og er mjög vel að sér um jarðfræði og sagnfræði. Ég bað hann einhvern tímann um að hringja í mig ef eitthvað gerðist, hvenær sem það væri.“

Vinurinn stóð við sitt og hringdi í Cat um hánótt aðfaranótt 3. ágúst. „Ég svaraði: Er eitthvað byrjað? En þá var það bara eldur í mosa. Þá fór ég bara aftur að sofa. Daginn eftir var ég að borða hádegismat á skrifstofunni hérna á Írlandi og þá fékk ég skilaboð frá vini mínum sem sagði að eldgos væri hafið. Það braut algjörlega í mér hjartað.“

Cat segist hafa verið svo miður sín að hún hafi þurft pásu frá samfélagsmiðlum. „Þetta var stærsta FÓMÓ lífs míns. Ég var í spjallþræði með stórum hópi ljósmýndara á Íslandi og ég þurfti bara að logga mig út, þau voru að skipuleggja ferð með klukkustundar fyrirvara.“

Flugsætin orðin ofurdýr

Cat segist hafa getað bókað flug um helgina en verðið sé komið upp úr öllu valdi og sömuleiðis hafi hún skuldbundið sig í verkefni á Írlandi sem hún eigi erfitt með að aflýsa. „Þetta er erfitt staða og ég get ekki bókað neitt fram í tímann þegar þetta er svona. Ég get bara óskað þess að það sé enn þá gos þegar ég kem heim til Íslands.“

Cat segist hafa verið á stefnumótum að kvöldi gosdags en hún hafi verið gersamlega miður sín. „Hann var samt mjög almennilegur þegar ég sagði honum frá þessu,“ segir hún og hlær. Hún segist upplifa aftengingu við samlanda sína þegar komi að gosinu. „Fólkið hér skilur ekki hvaða þýðingu þetta hefur, Íslendingar eru þeir einu sem skilja mig.“

Cat segist ætla að fá sér húðflúr með eldfjallinu. „Það verður svona táknað fyrir mig, en núna er ég smávegis reið við eldfjallið. Mér líður eins og unglingi hérna, eins og enginn skilji mig,“ segir hún glettin. „En Ísland minnir alltaf á sig og núna skil ég enn betur hversu djúp Íslandstengingin mín er.“ ■

George in the Jungle á Grindr

NETFLIX

Uncoupled

Aðalhlutverk: Neil Patrick Harris, Tisha Campbell, Brooks Ashmanakas, Emerson Brooks

ninarichter@frettabladid.is

Árið er 2000 og undirrituð, þá ungl-ingur, trúir ekki sínum eigin augum þegar Ríkissjónvarpið hefur sýningar á framhleyplum þáttum sem eru fullir af útlitsáhyggjum, tisku og klúrum kynlífsögum í stóra eplinu, New York. Fullnægingar, kynsjúkdómar og typpastærðir eru ræddar kinnroðalaust. Aðalpersónan Carrie er frekar ópolandi en aukapersónur þeim mun dásamlegri.

Tuttugu og tveimur árum síðar birtist Neil Patrick Harris okkur í hlutverki fasteignasalans Michael í

þáttunum Uncoupled. Hann leikur þar mann hvers tilfinningalíf hrynur þegar kærasti hans til 17 ára fer frá honum. Líkt og Carrie er Michael frekar ópolandi og himnarnir forði ykkur frá því að sitja við hliðina á svona sjálfsupptekinni og sívælandi manneskju í matarboði, jafnvel þó að það sé á Manhattan í kringum allt sem samfélagið kennir okkur að þrá. En hliðarpersónur eru dásamlegar, söguviðið skemmtilegt og framvindan kvik. Og enn ræðum við kynsjúkdóma og typpastærðir, en nú er sögumaður ríkur, vel menntaður hommi og söguviðið hans nærsamfélag.

Vinir Michaels skapa kjölfestu og styðja vel við söguna, ásamt því að fá úr drepfyndnum línunum að spila. Þar er veðurfréttamaðurinn Billy, sjálföruggur og sígraður og rúllukragapeysutýpan Stanley sem er einmana listaverkasali. Samstarfs-



Emerson Brooks, Neil Patrick Harris og Brooks Ashmanakas í Uncoupled.

MYND/SKJÁSKOT

kona og vinkona Michaels er Suzanne, á köflum svolítið klisjukenn hliðarpersóna sem er þó auðvelt að falla fyrir.

Þættirnir vinna vel með kynslóðabilið og hvernig hlutir eins og tækniframfarir eða þekking

á sögunni getur teygð þetta kynslóðabil lengra en við kærnum okkur um. Sérstaklega er þetta persónum mikilvægt þegar kemur að hinsegin sögunni, sem er líka saga mannréttindabaráttu og HIV faraldurs.

Þættirnir eru langsamlega

skemmtilegustu miðlífskrísuþættir sem birst hafa á streymisveitum í langan tíma. Michael kemur úr áratuga sambandi og lendir á markaðinum eins og George in the Jungle gerði forðum, og prófar Grindr í fyrsta sinn. Ómögulegar aldurs- og útlitskröfur eru augljósar en þættirnir fara ekki í að gagnrýna það heldur samþykkja það og sýna án spurninga eða svara.

Líkt og í Beðmálum um aldamótin er aðalpersónan Michael að leita að ástinni, eða einhverju sem líkast henni, fer á stefnumót og hittir fallega skapada rekkjunauta og lendir í vandræðum sem margir fullorðnir geta tengt við. ■

NIDURSTAÐA: Þegar svona þættir birtast verður maður næstum því þakklátur fyrir leiðindaveður til að fá hina fullkomnu afsökun fyrir glápaþoni.

RISA


SAMSUNG
KÆLISKÁPUR USA

TAX FREE DAGAR



Allar vörur á afslætti dagana 4.- 18. ágúst*


SAMSUNG



TAX FREE

SAMSUNG RYKSUGUROBOT


urbanista



TAX FREE

URBANISTA HEYRNARTÓL

Kyvo



TAX FREE

KYVOL F60 AIRFRYER

AEG



TAX FREE

AEG ÞVOTTAVÉL

*Nema Bang & Olufsen og HTH

ormsson.is

ORMSSON



Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is



Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.

frettabladid.is



Floris segist reyna að vekja sem flesta til umhugsunar með list sinni sem hverfist iðulega um myrkari hliðar tilverunnar; rán-yrkju, hungursneyð og hnatt-ræna hlýnun.

MYND/ADSEND

Floris þarf fjórar nætur í frysti


Belgíski gjörningalistamaðurinn Floris Boccanegra segist nú aðeins þurfa aðgang að frystigeymslu til þess að láta drauminn um að skila tonni af frosnu jökulvatni upp á Ok í september.

toti@frettabladid.is

„Undirbúningurinn fyrir gjörninginn gengur vel,“ segir belgíski listamaðurinn Floris Boccanegra sem sér fram á að geta í næsta mánuði látið tveggja ára draum sinn um að skila tonni af frosnu jökulvatni á topp fyrrverandi jökulsins Ok rætast með táknrænum gjörningi.

„Núna þarf ég eiginlega bara að fá aðgang að frysti yfir nótt til þess að geta breytt bráðnuðu jökulvatni aftur í ís. Ég hef þegar haft samband við nokkra aðila á Íslandi en ekki enn tekist að finna frysti og er að vonast til þess að finna stóra fiskvinnslu eða verlanakeðju í Borgarnesi eða Reykjavík sem gætu hjálpað mér. Vegna þess að þar ættu að vera nógu stórar frystigeymslur,“ segir Floris, sem reiknar með að þurfa einn rúmmetra undir 30 korkkassa.

„Ég þarf frystinn ekki til þess að geyma klakann heldur bara búa hann til. Ég myndi þá koma með vatnið snemma að kvöldi og láta það frjósa yfir nóttina á meðan ég er sofandi. Ég myndi síðan sækja klakann næsta morgun og ferja hann upp á Ok.“



Floris hefur reiknað út að hann þurfi 30 kassa til þess að frysta skilagjaldið sem hann ætlar að færa íslenski náttúru upp á tind Oks. MYNDIR/FLORIS

Floris sagði fyrst frá hugmynd sinni að gjörningnum um þversagnarkennt samband ferðafólks og fagurarr náttúru í Fréttablaðinu snemmsumars 2020 og að hann hygðist, in nblá sinn



Einn af klakakössunum 30.

af grísku goðsögninni um Sisífús skila íslenski náttúru tonni af ís upp á Ok.

Floris segist þurfa fjórar nætur til þess að frysta þessa táknrænu kolefnisjöfnun sína en hann ráðgerir að flytja ísinn upp á tind Oks frá mánudeginum 5. september til föstudagsins 9. september. „Ég reikna með að þetta verði 40 ferðir á toppinn,“ segir listamaðurinn sem ætlar að bera 25 kíló af frosnu jökulvatni upp á fjallið í hverri ferð í sérstaklega einangruðum bakpoka.

Hann biður þau sem mögulega gætu hugsað sér að hjálpa honum við frystinguna um að senda tölvupóst á boccanegrart@gmail.com. ■

Woody Harrelson orti tvífara ljóð

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríski stórleikarinn Woody Harrelson ritaði norður-írsku ungbarni skemmtilegt ljóð á Twitter í vikunni.

Aðdragandi málsins er mynd sem móðir barnsins birti af dótturinni ásamt mynd af leikaranum. Móðirin ritaði: Hvernig í ósköpunum er dóttir mín alveg eins og Woody Harrelson?“

Myndbirtingin vakti mikil viðbrögð og mörg þúsund manns lýstu velpöknu sinni með því að „læka“ hana. Að lokum rataði málið til Harrelson sjálfs sem brást við með því að rita lítið ljóð, sem hann kallaði: Óðinn til Coru.

Á ensku er ljóðið svona: „You're an adorable child, flattered to be compared, you have a wonderful smile, I just wish I had your hair.“

Á íslensku er beinþýðingin á



Woody Harrelson brást fallega við því að vera líkt við Coru litlu og orti henni lítið fallegt ljóð á Twitter.

þessa leið: „Þú ert yndislegt barn, og ég er heiðraður af líkingunni, þú hefur dásamlegt bros, en ég bara vildi að ég hefði hárið þitt.“

Woody Harrelson er fæddur árið 1961. Hann er bæði leikari og leikskáld og hefur verið tilnefndur til




Coru hefur ærna ástæðu til að brosa breitt enda skartar hún hári sem tví-fari hennar, Woody Harrelson, þráir.

fjöldi verðlauna á farsælum ferli. Meðal hans þekktustu verka er The People vs. Larry Flynt sem aflaði honum tilnefningar til Óskarsverðlauna, The Messenger og Three Billboards Outside Ebbing, Missouri. ■

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek
eða fáðu sent heim.



www.lyfjaval.is

Lyfjaval 
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

Gleðilega Hinsegin daga – og hvað svo?

Frétt vikunnar

Ugla Stefania

toti@frettabladid.is

„Jæja, þá er farið að gjósa. Ég er strax komin með útundanótta og skjálftaöfund, því ég missti af öllum látunum síðast því ég var erlendis,“ segir Ugla Stefania, formaður Trans Ísland. „Fjölskyldan meira að segja bókaði sér þyrluferð og sagði frá

geggjuðum fjölskyldudegi á samfélagsmiðlum. Án mín. Smá skellur. Annars er hápunktur Hinsegin daga í dag. Aldrei hefur verið mikilvægara að minnast sögu Hinsegin daga, sem eiga auðvitað rætur að rekja til kröfugöngu, þar sem óréttlæti, fordómum og útskúfun var mótmælt. Hinsegin fólk á Íslandi hefur nefnilega fyrir ótal mörgu að berjast enn þá ef marka má nýlegan pistil ritstjóra Morgunblaðsins og ummæli vararíkissaksóknara sem



Hvað ætlum við eiginlega að gera annað en að henda glimmer framan í okkur og mæta með fána á Arnarhól í dag?

ýjaði að því að það væri ofgnótt af homnum á Íslandi.

Hinsegin fólk upplifir enn fordóma á Íslandi, eins og gelt úti á götu, einelti í skólum eða óréttmætar handtökur á Hinsegin dögum. Við höfum það vissulega gott hér, en það er kominn tími til að gyrða sig í brók og horfast í augu við bakslagið. Hvað ætlum við eiginlega að gera annað en að henda glimmer framan í okkur og mæta með fána á Arnarhól í dag? ■



Ugla Stefania, formaður Trans Ísland.
MYND/MÓA HJARTARDÓTTIR

MJÚKIR DAGAR



**20%
afsláttur**
af öllum rúnum
og mjúku
deildinni*

*Mjúka deildin samanstendur af dýnum, sængum, koddum, rúmfötum, lökum, sloppum, dýnuhlífum, mottum, inniskóm og handklæðum.



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Halldór Darri, bruggmeistari hjá Borg, segir óáfengan bjór ekki lengur vera neitt feimnismál.

MYND/HARI

Ekki lengur tabú að drekka óáfengan bjór í partíum

Vinsældir óáfengra bjóra í kjörbúðum landsins hafa verið í miklum vexti undanfarið ár og hefur salan hátt í tvöfaldast í þessum vöruflokki. Þessi alda byrjaði að rísa þegar fyrsti áfengislaus íslenski bjórinn, Brío frá Borg Brugghúsi, kom á markað fyrir tveimur árum.

benediktboas@frettabladid.is

Salan á óáfengum bjór sprakk út í Covid-faraldrinum. Meiri krafa er sett á gæði og gott vörurval í þessum flokki í helstu matvöruverslunum og sífellt bætist við úrval áfengislausra bjóra.

Stóru bjórframleiðendurnir úti í heimi bjóða nú sinn mjöd með núll prósent áfengi og er bragðið ekkert síðra. Þannig að nú má drekka alveg helling, setjast síðan upp í bíl og keyra heim en fátt er hallærislegra en að keyra drukinn.

Borg Brugghús er með fjórar ólíkar áfengislausar bjórtegundir í gangi um þessar mundir en Borg reið á óáfenga vaðið með Brío og hefur nú varla undan. „Brío er þarna enn þá og veldur okkur talsverðu veseni vegna vinsælda. Það varla borgar sig að brugga þetta því hann klárast alltaf strax,“ segir Halldór Darri, bruggmeistari hjá Borg.

Í vörulínunni er einnig að finna IPA-bjórinn Ylfu sem hlaut gull-



Þeir dagar eru liðnir þegar áfengislaus bjór var einhver vatnsþynnt málamiðlun.

verðlaun í European Beer Challenge, hindberjabombuna Helgu sem dregur nafn sitt af samnefndum smjattatta, auk sérútgáfunnar Brío De Janeiro.

Engin vatnsþynnt málamiðlun
Áhuginn hér á landi hefur verið í takt við það sem hefur verið að gerast annars staðar í Vesturheimi þar sem vöxturinn er mikill með síaunum kröfum um gæði og fjölbreytni.

„Þetta er eins og margt annað. Við höfum lagt áherslu á að þróa áfengislausan bjór sem samanstendur af hágæða hráefnum með fyrsta flokks framleiðsluaðferðum. Þeir dagar eru liðnir þegar áfengislaus bjór var einhver vatnsþynnt málamiðlun. Svo ber að hafa í huga að þetta er bæði matvara og ferskvara. Það er ekki tilviljun að lókal bjórar eru þeir vinsælustu í langflestum löndum. Þeir eru einfaldlega ferskari en það sem eldra er.“

Boltinn rúllar

„En viðhorfið til áfengislausu bjóranna hefur gjörbreyst undanfarið. Hér áður fyrir þótti það jafnvel ákveðinn stimpill að drekka óáfengan bjór. Maður varð fyrir ýmiss konar aðkasti og ályktunum jafnvel. Sífellt fleiri eru að kynna þeirri gæðabylltingu sem orðin er í þessum flokki, því hversu vel rétta ölið passar með ákveðnum mat og hversu heilsusamlegur kostur áfengislaus bjór er,“ segir Halldór.

Hann segir að framtíðin í þróuninni sé björt og líkt og í enska boltanum sé alltaf verið að leita að nýjum leikmönnum til að skipta inn á. „Við erum að þróa nýja leikmenn sem lenda síðar á árinu og svo er von á áfengislausum jólabjórnum frá okkur eins og undanfarið tvenn jól. Það borgar sig varla að hætta úr þessu,“ segir Halldór léttur – eins og bjórinn. ■



KFC



Kentucky Pride Chicken

Col. Harland Sanders



SAMANI! BOOR



**BYKO ER
STOLTUR BAKHJARL
HINSEGIN DAGA**

BYKO



SUMAR MARKKAÐS- DAGAR

Enn
meiri
lækkun

Allt að

90%

afsláttur af völdum vörum
í verslunum BYKO*



Skannaðu kóðann og
skoðaðu tilboðin á byko.is



VIÐ ERUM
HANDHAFI
KUNUNGSINS

*Á meðan birgðir endast | Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Bakþankar

Magrétar Erlu
Maack



Topp hugmyndir

Ég fæ alls konar hugmyndir en hef því miður ekki tíma til að útfæra þær allar. Efeinhvern vantar bissethugmynd þá eru hér nokkrar, ég tek 10% af innkomu:

Ég hef verið gríðarlega dugleg að fara í dýragarða í sumarfríinu. Ég er kannski bara rosalega óheppin en við höfum lent í því að slöngur, froskar, gaupur og fleiri spennandi dýr fela sig. Því datt mér í hug dýragarður með eingöngu feludýr. Í rauninni væru afar fá dýr í garðinum, jafnvel engin dýr ef alvöru fúskari tekur þessa hugmynd, bara starfsfólk sem segir: „Æj, já, þessi eyðimerkurmús er næturdýr og sefur á daginn. Já, þessi höggormur er oftast undir steininum þarna aftast.“ Búrin væru risastór og gestum væri sagt að dýrin væru feimin.

Eitt myndi slá í gegn – cevichestaður með Subway-uppsetningu. Já, lúðu? Kóríander? Chili? Gjössovel. Ferskur fiskur, hröð þjónusta.

Viðskiptamódel ísbílsins er æði. Við þurfum fleiri bílafyrirtæki. Þynnkubíllinn væri bíll með tveimur rúmum þar sem hægt væri að fá saltlausn í æð. Húðflúrsbíll væri mjög sniðugur, myndi slá í gegn á útihátíðum og gæti líka komið í steggjapartíð, stórafmælið og auðvitað brúðkaupið. „Ef þið viljið fá ykkur tattú með #MagnBet22 þá er Tattúbíllinn hér fyrir utan.“ Gæti líka verið smart í jarðarfari.

Talandi um jarðarfari: Útfararþjónusta sem sérhæfir sig í partíjarðarförum. Ég held að eftir nokkur ár verði mikill markaður fyrir öðruvísi jarðarfari – sambland af minningarpartí og erfidrykkju – ekki eitthvað „fyrst erum við í þessu húsi og allir eiga að vera stilltir og á eftir er matur sem er búinn að standa og bíða“. Skemmtiatriði, ræður, partí þar sem við njótum augnabliksins.

Þá er ég búin að koma þessum hugmyndum út í kosmósið og nú er bara að bíða. ■

ÚTSÖLUNNI lýkur á morgun!



Fögnum
fjölbreyti-
leikanum



nettó

Verslun opin 11-20 - IKEA.is - Veitingasvið opið 10:30-20

